



## **Borgaskóli – heildarmat á skólastarfi**

Febrúar 2011  
Menntasvið Reykjavíkur

**Ritstjóri:** Birna Sigurjónsdóttir

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Una B. Bjarnadóttir

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	3
Inngangur .....	4
Mat á skólastarfi .....	5
Skólastarf.....	7
Námsárangur .....	7
Stjórnun .....	10
Skipulag skóladags .....	11
Samstarf við grenndarsamfélagið .....	11
Stefna og starfsáætlun .....	12
Nemendur og líðan .....	13
Stjórn nemendafélags .....	16
Reglur og agi .....	17
Viðvera nemenda.....	18
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi .....	18
Verklag .....	22
Fjölbreyttar leiðir í námi .....	22
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna .....	24
Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir .....	25
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla .....	26
Skólaþróun og mat .....	29
Virk upplýsingamiðlun.....	30
Skólanámskrá og námsáætlanir .....	30
Heimasíða.....	31
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi .....	32
Mannauður .....	34
Starfsánægja og líðan á vinnustað .....	34
Samstarf.....	35
Aðbúnaður .....	36
Símenntun og starfsþróun.....	36
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar .....	37
Viðvera starfsmanna.....	38
Fjármál .....	40
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun .....	40
Fjárhagsleg staða skólans .....	40
Greining.....	41
Samantekt ábendinga.....	41
Heimildir .....	50
Fylgiskjöl.....	50

## Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Borgaskóla sem fram fór í janúar 2011. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Borgaskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2010-2011. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Borgaskóla er Inga Þórunn Halldórsdóttir og aðstoðarskólastjóri Árdís Ívarsdóttir. Í Borgaskóla eru 296 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2010-2011. Um 99% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Borgaskóla. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum í Borgaskóla fækki heldur á næstu árum og þar verði um 250 nemendur árið 2014.<sup>1</sup>

Í skólanum starfa 54 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 42,76 stöðugildum, þar af kennarar í 23,87 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,9 nemendur á hvert stöðugildi eða líkt og í borginni í heild að meðaltali (7,1). Ef aðeins er miðað við kennara í Borgaskóla eru 12,4 nemandi á hvert stöðugildi sem er aðeins fleiri en í borginni að meðaltali (11,3).

Kennsla hófst í Borgaskóla í haustið 1998, flestir voru nemendur 410 árið 2003-2004 en fæstir 84 árið 1998. Á heimasíðu skólans kemur fram að frá upphafi hefur verið lögð áhersla á góða líðan nemenda og starfsfólks sem forsendu árangurs í skólastarfinu. Skólahúsnæðið er nýtt, aðbúnaður góður og skólinn hefur á að skipa áhugasömu starfsfólki. Fjölbreyttar kennsluáðferðir og viðfangsefni, jákvætt viðmót og góð umgengni hafa einkennt skólastarfið frá upphafi ásamt nýbreytni og þróunarstarfi (Heimasíða. Um Borgaskóla).

Árið 1998 hófst kennsla í Borgaskóla í lausum stofum á skólalóð. Skólahúsið var tekið í notkun haustið 2000. Auk kennslurýma er í skólahúsinu fjölnota salur, framleiðslueldhús og íþróttasalur (Einsetning grunnskóla 2002). Auk skólahússins eru 3 lausar stofur á skólalóð og eru þær nýttar fyrir starfsemi ÍTR.

Heildarstærð skólans er um 3,930 m<sup>2</sup> án íþróttasalar.

---

<sup>1</sup> Nemendaspá gerð á Menntasviði haustið 2010.

## Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 22 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2010. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2010-2011.

### Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

### Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- |   |          |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla                               | vika 1   |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1   |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð       | vika 1   |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki          | vika 2   |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar                                   | vika 3   |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð  | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu                         | vika 5   |

- Skýrsluskil – formleg vika 6
- Upplýsingar til menntaráðs í lok annar

### Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
  - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
  - Athugun í skóla
  - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
  - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
    - Skipurit og starfslýsingar
    - Mannréttindaáætlun
    - Áætlun um foreldrasamstarf
    - Áætlun um starf nemendafélags
  - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
  - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
  - Heimasíðu skólans
  - Stundaskrár bekkja/árganga 2010-2011 (eins og þær eru afhentar nemendum)
  - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
  - Kennsluáætlanir 2010-2011 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
  - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
  - Símenntunaráætlun skólans
  - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
  - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
  - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

### Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með fræðslustjóra. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

### Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.


Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

# Skólastarf


## Námsárangur

### Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Borgaskóla vorið 2010 og var niðurstaða þess að 69% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns<sup>2</sup> en meðaltal í grunnskólum Reykjavík var um 67%.



Meðalárangur nemenda í 2. bekk Borgaskóla vorið 2010 var 69% sem er aðeins undir meðalárangri allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2009 var Borgaskóli með meðalárangurinn 68% og þá gátu 61% nemenda lesið sér til gagns.




<sup>2</sup> Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

## Ábendingar

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er aðeins lakari en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (69% miðað við 72% í borginni allri) en aðeins hærra hlutfall nemenda í Borgaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (69% miðað við 67% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er betri en árið áður (68%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (69% miðað við 61% árið áður).

**Stærðfræðiskimunin Talnalykill** var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 31 grunnskóla Reykjavíkur í nóvember 2009. Meðalárangur nemenda í Borgaskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitalan 11.8 sem er betri árangur en meðaltal allra grunnskólanna en það var 10,7. Í Borgaskóla stóðust 82% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins einn nemandi taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.



## Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Borgaskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 11.8 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.<sup>3</sup>
- Í Borgaskóla stóðust 82% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins einn nemandi taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.

## Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull<sup>4</sup>

Meðaltalsárangur nemenda í Borgaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali borgarinnar.

<sup>3</sup> Fyrstu niðurstöður úr fyrirlögn Talnalykils í nóvember 2010 benda til að meðaltalsárangur sé lakari en árið á undan og lægra hlutfall nemenda standist viðmið í fyrsta þrepi prófsins.

<sup>4</sup> Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.



Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Borgaskóla 2009 er 1,02 í íslensku sem teljast venjulegar framfarir nemenda og í stærðfræði 1,03 sem einnig teljast venjulegar framfarir nemenda. Í 10. bekk er framfarastuðull í íslensku 1,01 og í stærðfræði 1,02 (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2010).

	4. bekkur í Borgaskóla		Reykjavík	
	M 10	M 05-10	M 2010	
<b>Íslenska</b>	34,3	31,2	31,2	
<b>Stærðfræði</b>	32,9	31	30,5	

	7. bekkur í Borgaskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	7. b. 2010
<b>Íslenska</b>	32,3	31,8	30,8	1,02
<b>Stærðfræði</b>	33,3	32,1	30,4	1,03

	10. bekkur Borgaskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	10.b.2010
<b>Íslenska</b>	30,9	30	30,6	1,01
<b>Stærðfræði</b>	32,3	30,6	30,9	1,02
<b>Enska</b>	31,3	28,9	31	

### Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Borgaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðlar nemenda í íslensku (1,02) og stærðfræði (1,03) í 7. bekk 2010 sýna venjulegar framfarir nemenda. Einnig sýna framfarstuðlar í 10. bekk venjulegar framfarir bæði í íslensku (1,01) og stærðfræði (1,02).

### Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is)).

Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Borgaskóli er fjórtándi í röðinni af 25 grunnskólum borgarinnar í árangri í lesskilningi, fimmti besti í stærðfræði og sjötti í náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var mjög góð, 92% 15 ára nemenda í skólanum tóku þátt.

### Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í PISA 2009 var Borgaskóli er fjórtándi í röðinni af 25 grunnskólum borgarinnar í árangri lesskilningi, fimmti besti í stærðfræði og sjötti í náttúrufræði. Þátttaka nemenda var 92%.

## Stjórnun

Skólastjóri leggur mikla áherslu á að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og séu ánægðir með það sem þeir eru að gera, vellíðan og ánægja eru grundvöllur að góðum árangri að hennar mati. Hjá aðstoðarskólastjóra kemur fram að undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum þróunarverkefnum um nám og kennslu, m.a. um einstaklingsmiðað nám.

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og einn deildarstjóri mynda stjórnunarteymi skólans sem hittist á fundum einu sinni til tvisvar í viku. Deildarstjóri unglíngadeildar er í hálfu starfi sem kennari og hálfu sem stjórnandi, verkefnastjóri í sérkennslu sinnir stjórnun sérkennslunnar í sem svarar níu tímum á viku, hún er næsti yfirmaður sérkennara og stuðningsfulltrúa og fundar reglulega með þeim. Umsjónarmaður er næsti yfirmaður skólaliða og fundar reglulega með þeim og skólastjóra. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á starfsemi skrifstofu og er næsti yfirmaður ritara.

Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun og á heimasíðu skólans. Bent skal á að undir fyrirsögninni *Um skólann* á heimasíðu birtist eldri gerð skipurits. Starfslýsingar og erindisbréf kennara og skólastjóra liggja fyrir í starfsmannahandbók skólans. Verkaskipting er í meginatriðum þannig að skólastjóri sér um fjármál og samskipti við stofnanir í borginni en aðstoðarskólastjóri leiðir faglega starfið og þróunarverkefni.

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og deildar- og stigsfundir vikulega. Deildarstjóri fundar með kennurum á unglíngastigi en skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skipta með sér að funda með kennurum á yngra stigi. Ritadar eru fundargerðir fyrir alla fundi og birtar á sameign skólans. Í rýnihópum kennara kemur fram að fundir séu „alltof margir; fagfundir, árgangsamráð, deildarfundir o.fl.“, það mætti nota tölvupóst meira fyrir tilkynningar og slíkt og minnka endurtekningar á fundum.

Í spurningu í foreldrakönnun 2010 um stjórnun skólans sögðust 57% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 11% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið með stjórnun Borgaskóla var í kringum 80% í fyrstu þremur könnunum en fór síðan töluvert niður á við í næstu tveimur og var komið í 56% í könnuninni 2008. Ánægjuhlutfallið árið 2010 er nánast það sama og í könnuninni þar á undan en þó einu prósentustigi hærra. Á kvarðanum 1 til 5 var skólinn með meðaltalið 3,4 í þessum þætti árið 2010 sem er sama meðaltal og í könnuninni þar á undan. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 var 4,0 og skólinn því nokkuð undir meðaltali.

Í rýnihópi foreldra kemur fram að stjórnendur skólans bregðist fljótt við og svari fyrirspurnum í tölvupósti og viðmót sé almennt gott í skólanum „fint að koma inn í þennan skóla“.

Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjórnendur vera aðgengilega og sýnilega í daglegu starfi. Yngri nemendur hafa lítið að segja um stjórnendur en nemendur á unglíngastigi eru jákvæðir gagnvart þeim og segja að skólastjóri fylgist vel með því sem þau eru að gera utan skóla, „það gefur góða stemmningu“. Aðstoðarskólastjóri er ströng segja þau, en „það er gott að tala við hana“.

## **Skipulag skóladags**

Skólinn er opnaður kl. 7:40 og skrifstofa kl. 8:00, skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:30. Skóladegi lýkur kl.13:40 hjá 1.-4. bekk og 14:20 hjá 5.-7. bekk og suma daga kl. 15:00. Í 8.-10. bekk eru dagar mislangir og raðast valgreinar í lok dagsins. Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl 8:00 til kl 15:00.

Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar. Matarhlé og frímínútur í hádegi eru í 50 mínútur á bilinu frá 11:30-12:20 nema hjá unglingadeild sem eru í mat kl. 12:10-12:40.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru ýmist skráðir 30 eða 31 tími og á töflu 5.-7. bekkja ýmist 35 eða 36 nemendatímar. Í 8.-9. bekk eru skráðir 33 nemendatímar og í 10. bekk 30 tímar, þar til viðbótar koma valgreinar. Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80-120 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á miðstigi og unglingastigi. Sundtímar falla inn í töflu.

## **Samstarf við grenndarsamfélagið**

Í Skólahandbók skólans er kafli um samstarf skólans við grenndarsamfélagið. Þar kemur m.a. fram að skipulegt samstarf er við félagsmiðstöðina Borgyn um félagsstarf unglinga, við Hvergiland sem er frístundaheimili á vegum ÍTR fyrir nemendur í 1.-4. bekk, við Tónlistarskóla Grafarvogs og Tónskóla Hörpunnar og Skólahljómsveit Grafarvogs um tónlistarnám nemenda og við Íþróttafélagið Fjölni sem m.a. sér um íþróttaskóla fyrir nemendur í 1. bekk tvisvar í viku. Einnig er víðtækt samstarf við fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og nemendur eiga þess kost að fara í heimsóknir, á tónleika, safnaferðir, sýningar, ferðir o.fl. (Skólahandbók Borgaskóla, kafli um samstarf).

Mikið samstarf er við leikskólann m.a. með gagnkvæmum heimsóknum. Leikskólinn fær aðgang að skálum á skólalóð fyrir skólalópa eldri nemenda sinna og krakkarnir koma í íþróttasal skólans þegar hann er laus. Skóladagatöl skólanna eru samræmd en að mati skólastjóra mætti auka samstarf við leikskólann enn frekar og bæta við t.d. fundum stjórnenda á báðum stigum.

Gott samstarf er við Árbæjarlaug um sundkennsluna að mati skólastjóra og við bílstjóran sem sér um akstur í laugina.

Samstarf milli grunnskólanna í hverfinu er bæði mikið og gott að mati skólastjóra, fastir fundir eru með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi, auk þess sem skólarnir reka saman fardeild fyrir skólana í hverfinu sem er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólunum í borgarhluta 4 (Grafarvogi og Kjalarnesi). Ráðgjafar í Fardeild veita ráðgjöf og vinna með nemendur í náms- og hegðunarerfiðleikum sem og nemendur með atferlisvanda og/eða geðraskanir (upplýsingar teknar af heimasíðu Foldaskóla. Fardeild).

## **Ábendingar**

- Skólastjóri leggur mikla áherslu á að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og séu ánægðir með það sem þeir eru að gera og hjá aðstoðarskólastjóra kemur fram að undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum þróunarverkefnum um nám og kennslu, m.a. um einstaklingsmiðað nám.
- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og einn deildarstjóri mynda stjórnunarteymi skólans sem hittist á fundum einu sinni til tvisvar í viku.

- Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun og á heimasíðu skólans. Bent skal á að undir fyrirsögninni *Um skólann* á heimasíðu birtist eldri gerð skipurits. Starfslýsingar og erindisbréf kennara og skólastjóra liggja fyrir í starfsmannahandbók skólans.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 57% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 11% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 3,4 sem er undir meðaltali í borginni (4,0).
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að stjórnendur skólans bregðist fljótt við og svari fyrirspurnum í tölvupósti og viðmót sé almennt gott í skólanum, „fint að koma inn í þennan skóla“.
- Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjórnendur vera aðgengilega og sýnilega í daglegu starfi.
- Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og deildar- og stigsfundir vikulega. Í rýnihópum kennara kemur fram að fundir séu allt of margir.
- Skólinn er opnaður kl. 7:40 og skrifstofa kl. 8:00, skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:30. Skóladegi lýkur kl. 13:40 hjá 1.-4. bekk og 14:20 hjá 5.-7. bekk og suma daga kl. 15:00. Í 8.-10. bekk eru dagar mislangir og raðast valgreinar í lok dagsins.
- Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl 8:00 til kl 15:00.
- Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar. Matarhlé og frímínútur í hádegi eru í 50 mínútur á bilinu frá 11:30-12:20 nema hjá unglingsdeild sem eru í mat kl. 12:10-12:40.
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á miðstigi og unglingsstigi. Sundtímar falla inn í töflu.
- Skipulegt samstarf er við ÍTR um félagsstarf unglinga og frístundaheimili yngri nemenda. Einnig er samstarf við tónlistarskóla og skólahljómsveit. Mikið samstarf er við leikskólann og gagnkvæmar heimsóknir. Víðtækt samstarf er við fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og nemendur eiga þess kost að fara í heimsóknir, á tónleika, safnaferðir, sýningar og ferðir.
- Samstarf milli grunnskólanna í hverfinu er bæði mikið og gott að mati skólastjóra, fastir fundir eru með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum auk þess skólarnir reka sameiginlega Fardeild.

## **Stefna og starfsáætlun**

Starfsáætlun Borgaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera í fullu við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.

Í Skólahandbók kemur fram að hafin er vinna við að setja stefnu, markmið og mælikvarða á árangur inn í svokallað skorkort (Balanced Score Card, BSC) og er sú vinna langt komin. Í vetur mun starfsmannahópurinn vinna sameiginlega mælikvarðana og einnig mun skólaráð koma að þeirri vinnu fyrir hönd nemenda og foreldra. Stefna skólans, Ábyrgð – Ánægja – Árangur, ásamt markmiðum munu verða sett fram í þessu formi, segir þar.

Í stefnukorti Borgaskóla eru sett fram markmið undir fjórum víddum; skólasamfélag, innra starf, mannauður og fjármál. Undir skólasamfélaginu eru markmiðin: Gott skólasamfélag; virk þátttaka foreldra; vellíðan nemenda og góður árangur nemenda. Undir innra starfi eru markmiðin: Fagleg kennsla; mat á skólastarfi; góð skipulagning og skilvirkni og öruggt og vistvænt skólaumhverfi. Undir mannauði eru markmiðin: Vel menntað starfsfólk og ánægðir starfsmenn. Undir fjármálum er markmiðið: Vel rekinn skóli. Gildi Borgaskóla eru: Ábyrgð –

Ánægja – Árangur, skilgreint er hvað í þeim felst, hlutverk skólans tilgreint svo og framtíðarsýn.

Í Skólahandbók kemur fram að Borgaskóli hefur mótað stefnu sína í átt að fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi með markvissu skipulagi náms og kennslu, samvinnu kennara og góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið nemanda með einkunnarorð skólans ÁBYRGÐ-ÁNÆGJA-ÁRANGUR að leiðarljósi (Skólahandbók Borgaskóla).

Sérstaða skólans er í stefnumótun tilgreind sem: Umhyggja, samstarf, gott andrúmsloft, teymisvinna, nálægð við náttúru, grænn skóli, sterkt foreldrasamstarf og þróunarverkefni.

Skólinn er Grænfánaskóli og hefur fengið Grænfána í annað sinn. Áhersla er á útikennslu og að nýta lífríki fjörunnar til náttúrufræðikennslu.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins (90,2% sammála) og tæp 83% eru ánægð með stefnuna.

### **Ábendingar**

- Starfsáætlun Borgaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Í Skólahandbók kemur fram að hafin er vinna við að setja stefnu, markmið og mælikvarða á árangur inn í svokallað skorkort.
- Í stefnukorti Borgaskóla eru sett fram markmið undir fjórum víddum; skólasamfélag, innra starf, mannauður og fjármál, þar kemur m.a. fram áhersla á vellíðan og góðan árangur, faglega kennslu, góða skipulagningu og skilvirkni.
- Í Skólahandbók kemur fram að Borgaskóli hefur mótað stefnu sína í átt að fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi með markvissu skipulagi náms og kennslu, samvinnu kennara og góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið nemanda
- Sérstaða skólans er í stefnumótun tilgreind sem: Umhyggja, samstarf, gott andrúmsloft, teymisvinna, nálægð við náttúru, grænn skóli, sterkt foreldrasamstarf og þróunarverkefni.
- Skólinn er Grænfánaskóli og hefur fengið Grænfána í annað sinn. Áhersla er á útikennslu og að nýta lífríki fjörunnar til náttúrufræðikennslu.

### **Nemendur og líðan**

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Borgaskóla sú að 70,5% nemenda svöruðu að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er aðeins undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72,4% (Ungt fólk, 2009).

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og

við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.<sup>5</sup>

Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Borgaskóla í október 2010 hefur ánægja af lestri minnkað lítillega frá síðustu mælingu og mælist nú undir landsmeðaltali en áhugi á stærðfræði er nálægt meðaltali landsins. Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma svipað út og áður og nálægt landsmeðaltali. Athygli vekur kynjamunur í spurningum sem varða líðan þar sem strákar koma betur út en stelpur og virðist meiri munur kynjanna í Borgaskóla en almennt gerist. Spurning um einelti kemur betur út en áður (-0,47) þ.e. einelti mælist minna í október en í síðustu mælingu (apríl).

Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma svipað út og áður. Frá könnun í apríl er mesta breytingin á samsömun við nemendahópinn (+0,44), þar eru nemendur beðnir að svara hversu sammála þeir eru fullyrðingunum: líður mér eins og ég sé skilin(n) útundan; á ég auðvelt með að eignast vini; tilheyri ég hópnum; líður mér kjánalega og eins og ég passi ekki við hina; líkar öðrum vel við mig; er ég einmana.

Foreldrar í Borgaskóla meta líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 4,0 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast vel*. Líðan í kennslustundum meta foreldrarnir einnig upp á 4,0 en í frímínútum upp á 3,9. Hér voru gildin í skólanum hærrí eða jafnhá og þau voru árið 2008 en í öllum tilvikum eru meðaltölin 0,1 undir meðaltölum borgarinnar (Foreldrakönnun 2010).

Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti. Eineltisteymi er starfandi við skólann og er hlutverk þess að veita kennurum stuðning við úrlausn eineltismála. Unnið er eftir áætlun um varnir gegn einelti samkvæmt kerfi Olweusar (Starfsáætlun Borgaskóla). Útbúið hefur verið hefti þar sem skráð eru viðbrögð og vinnuferli starfsfólks við samskiptavanda og einelti. Í heftið er skráð lýsing á atviki, við hverja var rætt vegna málsins, hvenær foreldri var upplýst jafnframt því sem í heftinu eru leiðbeiningar um vinnuferlið og málsmeðferð til þess sem heldur utan um málið.

Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 3.6% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Einelti mælist hlutfallslega hæst meðal stráka í 5. bekk. Aðeins einn nemandi segist hafa verið lagður í einelti í eitt ár eða lengur. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.

Af 55 foreldrum í Borgaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 23 eða 42%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%. Af þessum 23 foreldrum svaraði 21 spurningu um hvernig brugðist hefði verið við eineltinu af hendi skólans. Tveir (10%) sögðu að skólinn hefði brugðist *fljótt og vel* við eineltinu, sjö (33%) sögðu að skólinn hefði brugðist *vel en ekki nógu fljótt* við en tólf (57%) sögðu að skólinn hefði *ekki tekið á málinu*. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin er nokkuð lakari en niðurstaðan í borginni. Foreldrar í rýnihópi telja að tekið sé eineltismálum sem upp koma.

<sup>5</sup> Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is) 8. janúar 2009.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og þau séu örugg, en „það eru ekki allir góðir vinir“ segir einn af yngri nemendum og í eldri hópnum kemur fram að þau vita um nemendur sem hefur liðið svo illa að þau hafa farið úr skólanum. Sum segjast hafa orðið vitni að einelti en önnur telja að það sé ekki lengur.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína, í rýnihóp yngri nemenda segja þau að kennarinn sé „æði“ og vona að hann fylgi þeim áfram. Á miðstigi finnst nemendum kennarar ágætir, sumir strangir en ekki of, meðan unglingar í rýnihóp eru gagnrýnni, kennarar eru „misgóðir“ og „mættu flýta sér minna“, þó flestir „kunni námsefnið“. Námsráðgjafinn fær sérstakt hrós frá rýnihópi unglinga, „hún kennir okkur að læra undir próf“ og fylgist með ef það eru vandamál heima, segja þau.

## Ábendingar

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Borgaskóla sú að 70.5% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er aðeins undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Borgaskóla í október 2010 hefur ánægja af lestri minnkað lítillega frá síðustu mælingu og mælist nú undir landsmeðaltali en áhugi á stærðfræði er nálægt meðaltali landsins.
- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma svipað út og áður og nálægt landsmeðaltali. Athygli vekur kynjamunur í spurningum sem varða líðan þar sem strákar koma betur út en stelpur og virðist meiri munur kynjanna í Borgaskóla en almennt gerist.
- Foreldrar barna í Borgaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,0 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 3.6% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Einelti mælist hlutfallslega hæst meðal stráka í 5. bekk. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.
- Spurning um einelti kemur betur út í könnun Skólapúlsins í október en áður (-0,47) þ.e. einelti mælist minna í október en í síðustu mælingu (apríl).
- Aðeins einn nemandi segist í Olweusarkönnun hafa verið lagður í einelti í eitt ár eða lengur.
- Af 55 foreldrum í Borgaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja ellefu eða 42%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%. (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og þau séu örugg, en „það eru ekki allir góðir vinir“ segir einn af yngri nemendum og í eldri hópnum kemur fram að þau vita um nemendur sem hefur liðið svo illa að þau hafa farið úr skólanum.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, í rýnihóp yngri nemenda segja þau að kennarinn sé „æði“ og vona að hann fylgi þeim áfram. Á miðstigi finnst nemendum kennarar ágætir, sumir strangir en ekki of meðan unglingar í rýnihóp eru gagnrýnni, kennarar eru „misgóðir“ og „mættu flýta sér minna“, þó flestir „kunni námsefnið“.
- Námsráðgjafinn fær sérstakt hrós frá rýnihópi unglinga, „hún kennir okkur að læra undir próf“ og fylgist með ef það eru vandamál heima, segja þau.

## Stjórn nemendafélags

Prettán fulltrúar úr 8.-10. bekk mynda stjórn nemendafélags Borgaskóla. Starfsmenn heildarmats hittu nokkra stjórnarfulltrúa á fundi með frístundaráðgjafa ÍTR til að kynna starfsemi nemendafélagsins.

Miðað er við að tveir fulltrúar úr hverjum bekk í 8.-10. bekk sitji í stjórn nemendafélags og ættu því tólf fulltrúar að skipa stjórnina. Stundum er tekið inn aukalega ef einhver er mjög nálægt kjöri eins og gerðist síðast þegar þrettándi fulltrúinn var tekinn inn. Ekki eru viðmið um kynjahlutföll, að sögn fulltrúanna sem rætt var við hefur þess ekki gerst þörf, þar sem hlutföll kynjanna hafa valist nokkuð jöfn. Fulltrúarnir sögðu mikinn áhuga meðal nemenda á því að starfa í stjórn nemendafélags og margir bjóða sig fram.

Starfsmenn ÍTR kynna starfsemi stjórnar nemendafélagsins inni í bekkjum og kjör fulltrúa fer síðan þannig fram að kosið er innan bekkjanna eftir að fulltrúar hafa kynnt sig. Kosið er innan stjórnarinnar í þrjú embætti; formanns, varaformanns og ritara. Stjórnin á fasta fundartíma einu sinni í viku utan skólatíma og fundar þá með starfsmönnum ÍTR, en einn starfsmaður félagsmiðstöðvar hefur umsjón með starfi stjórnarinnar. Skólastjóri hefur komið á fundi stjórnarinnar, t.d. til að kynna starfsemi skólaráðs. Í skólanum er starfandi félagsgreinakennari en hann kemur ekki beint að vinnu með stjórn nemendafélags og fulltrúarnir í ráðinu beina málum sínum gjarnan til deildarstjóra unglingastigs.

Á fundum er rætt um viðburði framundan og ritari heldur utan um fundargerð. Nokkrar nefndir eru starfandi á vegum stjórnarinnar og skipta fulltrúar með sér verkum í auglýsinganefnd, DJ-nefnd og sjoppunefnd. Opið hús er tvisvar til þrisvar í hverri viku. Frístundaráðgjafi sagði mætingu á viðburði í skólanum mjög góða miðað við Grafarvoginn í heild sinni og fulltrúarnir í stjórninni sögðust ánægð með félagslífið. Aðspurð sögðu þau unglínga af erlendum uppruna stunda félagslífið en þau mæta samt verr en aðrir.

Formaður stjórnar nemendafélags á fast sæti í skólaráði en hinn fulltrúi nemenda í skólaráði er valinn af stjórnendum skólans í samstarfi við frístundaráðgjafa. Í samtali við fulltrúa úr stjórn og frístundaráðgjafann kom fram að haft væri að leiðarljósi við það val að viðkomandi sé góður talsmaður nemenda og komi úr annarri átt en formaðurinn til að auka breidd þeirra nemenda sem sitja í skólaráði sem fulltrúar nemenda. Sá fulltrúi kemur úr 9. bekk. Formaður stjórnarinnar sem rætt var við, var jákvæð gagnvart setu sinni í skólaráði, finnst hópurinn góður og gott að vita meira um starfsemi skólans. Stjórn nemendafélags er ágætlega kynnt á heimasíðu skólans.

## Ábendingar

- Prettán fulltrúar úr 8.-10. bekk mynda stjórn nemendafélags Borgaskóla en miðað er við að tveir fulltrúar sitji í stjórn fyrir hvern bekk í unglingadeild. Velta má því upp hvort reglur séu nógu skýrar ef auka fulltrúar eru teknir inn.
- Að sögn fulltrúa í stjórninni er almennt mikill áhugi á félagslífinu í skólanum, góð þátttaka og mikill áhugi á því að starfa í stjórninni.
- Frístundaráðgjafi á vegum ÍTR og aðrir starfsmenn ÍTR hafa umsjón með starfi nemendafélagsins og vinna náið með stjórninni.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.



## Reglur og agi

Borgaskóli vinnur ekki eftir ákveðnu uppeldis- eða agakerfi en stefnan er að „kennarar skipti sér af öllum nemendum“ í samræmi við hugmyndafræði Olweusar, kemur fram í rýnihópum starfsmanna. Skólareglur og verklagsreglur vegna brota á þeim eru birtar í Skólahandbók skólans, þar segir m.a. að í Borgaskóla gildi þær kurteisis- og umgengnisreglur sem almennt eru viðurkenndar í vestrænum samfélögum, ... hver og einn á rétt til þess að vera frjáls, óáreittur og öruggur við nám og leik (Skólahandbók Borgaskóla 2010-2011). Í starfsmannahandbók eru skólareglur og verklagsreglur birtar ásamt nokkuð ítarlegum leiðbeiningum til kennara um agastjórnun og leiðir til að takast á við óæskilega hegðun og úrræði fyrir kennara, einnig er kafla um skólasókn og umbun til nemenda fyrir góða hegðun og mætingu. Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og núgildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000).

Fram kemur í rýnihópi kennara og rýnihópi starfsmanna að skólareglur þyrftu að vera skýrari, markvissari og sýnilegri, þær eru „ágætar, en erfitt að vinna eftir þeim“. Farið er yfir þær á vorin en þær þarfnast frekari endurskoðunar og samræma þarf milli kennara hvernig þeim er fylgt eftir. „Samskipti við nemendur eru ljúf“, segir líka í rýnihópi kennara, það er tekið á agabrotum og mál fara til skólastjórans eftir ákveðnu ferli. Unnið er eftir því að allir eiga að skipta sér af öllum og nemendur eigi að hlýða öllu starfsfólki. Sumum finnst vanta hrósniða til að geta gert eitthvað strax til að umbuna krökkum, en jafnframt kemur fram að einhverjir kennarar nota hrósniða. Það þarf að hafa jákvæða hegðun sýnilegri, segir í rýnihópnum.

Nemendur í rýnihópum vita af skólareglum og telja að nemendur hlýði þeim almennt, þeir sem brjóta reglurnar fá græna niðri sem eru t.d. notaðir í matsalnum. Unglingar í rýnihópi segja að engir fari eftir reglunum og þær séu „kjánalegar“, sumir kennarar leyfa það sem annars er bannað.

Nemendur eru flestir á því að kennarar séu duglegir að hrósa og einstaklingar fá umbun ef þeir standa sig vel. Öðrum finnst að það mætti hrósa meira og umbun að koma helst næsta dag.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 72% svarenda í Borgaskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

## Ábendingar

- Borgaskóli vinnur ekki eftir ákveðnu uppeldis- eða agakerfi en stefnan er að „kennarar skipti sér af öllum nemendum“ í samræmi við hugmyndafræði Olweusar.
- Skólareglur og verklagsreglur vegna brota á þeim eru birtar í Skólahandbók skólans, þar segir m.a. að í Borgaskóla gildi þær kurteisis- og umgengnisreglur sem almennt eru viðurkenndar í vestrænum samfélögum.
- Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og núgildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000).
- Fram kemur í rýnihópi kennara og rýnihópi starfsmanna að skólareglur þyrftu að vera skýrari, markvissari og sýnilegri, þær eru „ágætar, en erfitt að vinna eftir þeim“.
- Nemendur í rýnihópum vita af skólareglum og telja að nemendur hlýði þeim almennt, en rýnihópi unglinga kemur fram að „sumir kennarar leyfa það sem annars er bannað“.

- Nemendur eru flestir á því að kennarar séu duglegir að hrósa og einstaklingar fá umbun ef þeir standa sig vel. Öðrum finnst að það mætti hrósa meira og umbun að koma helst næsta dag.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 72% svarenda í Borgaskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

## Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2010 eftir árgöngum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglिंगadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í öðrum 8. bekknum og öðrum 9. bekknum.

## Ábendingar

- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglिंगadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í öðrum 8. bekknum og öðrum 9. bekknum.

## Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Virk þátttaka foreldra er eitt af meginmarkmiðum í stefnukorti skólans. Í skólahandbók er lögð áhersla á að samvinna og samstarf heimila og skóla þjónar hagsmunum nemenda og stuðlar að bættum árangri þeirra í náminu (Skólahandbók. Samstarf heimila og skóla). Í skólahandbók er fjallað um hlutverk umsjónarkennara sem mikilvægasta tengiliðar skólans við foreldra en einnig kemur fram að skólinn telur mikilvægt að góð tengsl skapist milli foreldra og allra kennara barna þeirra (Skólahandbók. Hlutverk umsjónarkennara).

Helstu niðurstöður í foreldrakönnun veturinn 2010 voru þær að 80% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 23% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið í Borgaskóla var 78% í fyrstu mælingunni árið 2000 og fór hæst í 90% í könnuninni árið 2002. Í næstu þremur mælingum lækkaði hinsvegar ánægjan jafnt og þétt og fór niður í 61% í könnuninni árið 2008. Í könnuninni 2010 hækkaði því ánægjan um 19 prósentustig. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,4 á milli kannanna 2008 og 2010, fór úr 3,5 í 3,9. Skólinn var þó undir meðaltalsánægjunni í borginni allri en hún var 4,1 árið 2010.

Alls svöruðu 60 foreldrar í Borgaskóla könnuninni af 96 í úrtaki, sem er 63% svörun. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 335 nemendur skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 18% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var frekar mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri. Í fjórum af sex spurningum um umsjónarkennarann voru meðaltölín fjórir og þar yfir. Í tveimur tilvikum voru meðaltöl hærri en þau voru í könnuninni 2008, en í hinum fjórum tilvikunum voru þau lægri. Í einu tilviki var meðaltal jafnt meðaltali borgarinnar en í hinum fimm tilvikunum voru þau lægri.

Foreldrar í Borgaskóla meta líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 4,0 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast vel*. Líðanina í kennslustundum meta foreldrarnir einnig uppá 4,0 en í frímínútum uppá 3,9. Hér voru gildin í skólanum hærri eða

jafnhá og þau voru árið 2008 en í öllum tilvikum eru meðaltölin 0,1 undir meðaltölum borgarinnar.

Sé miðað við könnuna 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni hvað varðar þætti eins og almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðstöðu til að matast og leikaðstöðu skólalóð breyst lítið. Foreldrar voru hinsvegar nokkuð ánægðari með möguleika barnanna á tómsundaiðkun að loknum skóladegi miðað við könnunina 2008. Meðaltöl skólans eru hér oftast hærri en meðaltöl borgarinnar og aldrei lægri.

Í heildina var margt jákvætt fyrir skólann í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Þar er mest áberandi stórt stökk upp á við hvað varðar almenna ánægju foreldra með skólann en auk þess var ánægja almennt mikil með umsjónarkennara, námslegar kröfur, aga, heimavinnu og líðan barnanna, sem og ytri þætti eins og ástand húsnæðis og aðstöðu til að matast. Ánægja með stjórnun skólans var hinsvegar nokkuð undir meðaltali og eineltisþátturinn kom verr út í skólanum en í borginni í heild.

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með kennarana, „samskiptin hafa verið ljúf og góð“ og yfirleitt mjög gott samstarf, mál sem þarf að leysa hafa gengið mjög vel að þeirra mati. Hjá stjórnendum kemur fram að ákveðinn gagnrýni hafi sett mark sitt á foreldrasamstarfið um tíma en þess gæti minna nú en áður.

Í opinni viku er foreldrum boðið að koma í skólann, en foreldrar eru ekki beinir þátttakendur að mati rýnihóps foreldra. Að sögn hópsins hefur verið rætt um að foreldrar væru virkari þátttakendur í skólastarfinu og jafnvel til aðstoðar, en á því eru annmarkar að mati hópsins og vantar „ramma“ um slíkt starf. Nemendur í rýnihópi nefna líka opna viku þar sem foreldrar fá að fylgjast með, en „foreldrar mættu fá að vita meira hvað er að gerast í skólanum“, segja þau líka.

Það hvað skólinn er lítill er að mati foreldra í rýnihópi bæði styrkur og veikleiki. Styrkur að því leyti að allir þekkjast vel og vel er hugsað um börnin. Veikleikar koma m.a. fram í því að minni þjónusta er við nemendur með sérþarfir, „það þarf þrjár greiningar til að fá aur“ og svo í því að valgreinum fyrir unglunga fækkar.

Styrkur skólans að þeirra mati er áhersla á hollustu „það eru komnir ávextir og hafragrautur“ en þau vildu sjá meiri áherslu á hreyfingu í skólastarfinu, bæði í frímínútum og meiri íþróttir „það þarf að sinna þörfum barnanna svo þau nái að fókusera í tímum“, segja þau. Rýnihópurinn er ekki eins jákvæður gagnvart flokkun í skólanum sem birtist í því að börnin koma heim með fernur og bananahýði.

Athugasemdir rýnihóps foreldra voru mestar um skólalóðina, lýsingu er ábótavant og lítið er við að vera fyrir nemendur í frímínútum. Þau segja að úrbætur á lóðinni séu komnar á dagskrá árið 2013 en finnst langt að bíða þess. Sérstaklega er nefndur battavöllur sem lengi hafi verið beðið eftir og mundi nýtast vel þar sem enginn slíkur er í hverfinu.

### **Skólaráð og foreldrafélag**

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu, síðasta fundargerð á heimasíðunni er frá fundi í maí 2010 (skoðað 26. jan. 2011).

Fundir skólaráðs eru upplýsingafundir frá skólanum til foreldra fremur en samráð að mati rýnihóps foreldra, foreldrar hafa áhrif en engin völd, segja þeir, en segja jafnfram að tekið sé tillit til ábendinga frá foreldrum, s.s. varðandi skólalóð. Fundirnir hafa breyst eftir að skólaráð tók við af foreldraráði, m.a. vegna setu nemenda í ráðinu er „ekki hægt að ræða alla hluti“. Rýnihópnum finnst vanta vettvang fyrir foreldra og skóla að ræða opið saman um mál sem koma upp.

Bakland skólaráðsfulltrúa er í foreldrafélaginu enda fulltrúar kosnir á aðalfundi félagsins. Fulltrúar í skólaráði og foreldrafélagi hafa hist til að ræða mál sem síðan er fylgt eftir í skólaráði.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, stjórnin fundar reglulega og fundað er með bekkjarfulltrúum að hausti. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um stjórn félagsins og starfsemi þess. Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélags einu sinni í mánuði vikuna eftir að skólaráð fundar. Foreldrafélagið vill taka meiri ábyrgð á verkefnum og vera meira með foreldrum í skólaráði að mati skólastjóra, fyrir þessu er jákvæður andi, segir hún og telur að þessi áhugi eflir samstarf heimila og skóla, „okkur hefur vantað að halda betur utan um samstarfið“.

Foreldrafélagið hefur umsjón með ákveðnum viðburðum í samstarfi við skólann, s.s. jólaföndri, páskabingói og friðargöngu fyrir jól og sumarhátíð í maí. Vel er mætt á viðburði en slakari mæting er á fundi foreldrafélagsins.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er samkvæmt upplýsingum á heimasíðu m.a. að halda bekkjarkvöld minnst einu sinni á önn, hóla í sjálfboðaliða í jólaföndur og á vorhátíð og vera virkir í foreldrarölti sem er einn mánuð yfir veturinn (Heimasíða Borgaskóla. Foreldrar).

Yfirlit yfir fundi og starfsemi skólaráðs og foreldrafélags er birt í ársskýrslu skólans (Ársskýrsla Borgaskóla 2009-2010).

### Ábendingar

- Virk þátttaka foreldra er eitt af meginmarkmiðum í stefnukorti skólans. Í skólahandbók er lögð áhersla á að samvinna og samstarf heimila og skóla þjónar hagsmunum nemenda og stuðlar að bættum árangri þeirra í náminu
- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun veturinn 2010 voru þær að 80% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 23% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra er 3,9 (af 5) í Borgaskóla sem er lægra en að meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í heildina var margt jákvætt fyrir skólann í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Þar er mest áberandi stórt stökk upp á við hvað varðar almenna ánægju foreldra með skólann en auk þess var ánægja almennt mikil með umsjónarkennara, námslegar kröfur, aga, heimavinnu og líðan barnanna.
- Sé miðað við könnuna 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni hvað varðar þætti eins og almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðstöðu til að matast og leikaðstöðu skólalóð breyst lítið.
- Skólinn er undir meðaltali grunnskóla í spurningu um viðbrögð við einelti í foreldrakönnun.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með kennarana, „samskiptin hafa verið ljúf og góð“ og yfirleitt mjög gott samstarf, mál sem þarf að leysa hafa gengið mjög vel að þeirra mati.

- Í opinni viku er foreldrum boðið að koma í skólann, en foreldrar eru ekki beinir þátttakendur að mati rýnihóps foreldra. Að sögn hópsins hefur verið rætt um að foreldrar væru virkari þátttakendur í skólastarfinu og jafnvel til aðstoðar, en á því eru annmarkar að mati hópsins og vantar „ramma“ um slíkt starf.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjár fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Fundargerðir ráðsins eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu. Ekki hafa verið settar inn fundargerðir fyrir haustönn 2010.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, stjórnin fundar reglulega og fundað er með bekkjarfulltrúum að hausti.
- Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélags einu sinni í mánuði vikuna eftir að skólaráð fundar. Foreldrafélag vill taka meiri ábyrgð á verkefnum og vera meira með foreldrum í skólaráði að mati skólastjóra.
- Foreldrafélagið hefur umsjón með ákveðnum viðburðum í samstarfi við skólann, s.s. jólaföndri, páskabingói og friðargöngu fyrir jól og sumarhátíð í maí. Vel er mætt á viðburði en slakari mæting er á fundi foreldrafélagsins.

## Verklag

### ***Fjölbreyttar leiðir í námi***

Meðal markmiða í stefnukorti Borgaskóla er fagleg kennsla og í framtíðarsýn segist skólinn m.a. að leggja áherslu á faglegt og metnaðarfullt skólastarf og á það að vera meðal fremstu skóla í lestrarkennslu. Gildi skólans eru: Ábyrgð – ánægja – Árangur, þar sem árangur tengist því að markvisst og vel sé unnið og í skólahandbók kemur fram að Borgaskóli hafi mótað stefnu sína í átt að fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi með markvissu skipulagi náms og kennslu, samvinnu kennara og góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið nemanda með einkunnarorð skólans að leiðarljósi (Skólahandbók, s. 20). Ekki fannst í skjölum skólans nánari lýsing á því í hverju þetta markvissa skipulag er fólgið.

Í námsvísunum árganga og greina koma víða fram fjölbreyttar leiðir í náminu og ólíkar leiðir eftir greinum. Í kennsluáætlunum nemenda kemur ekki fram lýsing á fjölbreyttum leiðum heldur virðist vinnan mest bundin námsbókum og yfirferð.

Í skólahandbók kemur fram að nemendur í 1.-7. bekk fá vikulega afhent áætlun um heimanám og skipulag skólastarfs komandi viku. Brynt er fyrir foreldrum að kynna sér áætlanirnar og fylgjast með heimanámi, sem er „órjúfanlegur þáttur í skólastarfinu og hefur ótvíræð áhrif á námsárangur“ (Skólahandbók, s. 17).

Byrjendalæsi og aðferðir tengdar Orð af orði ásamt söguaðferð eru allt aðferðir sem notaðar eru í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara einnig útikennslan sem verið er að innleiða. Kennarar í rýnihópi segja frá hringekjuckerfi sem notað í skipulagi náms, hvert verkefni tekur nokkur skipti og byrjar kennslan með innlögnum og verkefnum í kjölfarið, hver lota er 5-8 vikur. Innlagnir eða fyrirlestrar, almenn kennsla og hópavinna einkenna kennslu að mati hópsins. Heimavinnan felst í verkefnavinnu og er síðan farið yfir það í tíma og rætt saman, segja þau einnig.

Að mati foreldra í rýnihópi er mikið gert til að vekja áhuga nemenda á náminu og „kennarar leggja sig alla fram til að gera skemmtilega og áhugaverða hluti hér“. Í sumum greinum mætti þó gera enn betur og foreldrar leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að kveikja áhuga á viðfangsefni námsins hjá nemendum.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í tæplega 40% þeirra tilvika í þeim stundum sem heimsóttar voru. Innlögnum og umræður voru í um 23% stundanna og verklegt, sköpun og tjáning eða tilraunir einnig um 23% (sjá fylgiskjal – vettvangsathuganir). Markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var aðeins merkt við í 5 tilvikum af 39 eða um 13% tilvika.<sup>6</sup>

---

<sup>6</sup> Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.

Vettvangsathuganir- kennsluhættir	Yngsta stig	Miðstig	Unglinga- stig	Alls
Bein kennsla/innlögn/umræður	4	2	3	9
Verkefnavinna undir stjórn kennara	3	4	8	15
Þemavinna		1		1
Verklegt	5	1	1	7
Sköpun - tjáning	1	1		2
Tilraunir				0
Markviss samvinna í hóp			1	1
Sjálfstæð vinna nemenda, að e-u leyti að eigin vali	2	1	1	4

Um 83% svarenda í foreldrakönnun 2010 fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar* og 70% fannst hið sama um magn heimavinnunnar. Sama hlutfall foreldra í Reykjavík fannst námslegar kröfur *hæfilegar* í könnuninni 2010 og í Borgaskóla. Fleiri foreldrum fannst magn heimavinnunnar *hæfilegt* í borginni en í Borgaskóla.

Í rýnihópi kennara kemur fram að þeir vilja sjá meiri samþættingu milli list- og verkgreina og bóklegra greina en telja það hindrun að skólinn er þannig hannaður að byggingin gerir ekki ráð fyrir því.

### Sérstaða skólans

Í stefnumótun skólans er sérstaða skólans tilgreind sem:

- Umhyggja
- Samstarf
- Gott andrúmsloft
- Teymisvinna
- Nálægð við náttúru
- Grænn skóli
- Sterkt foreldrasamstarf
- Þróunarverkefni

Þessar áherslur koma víða fram í skjölum skólans, m.a. í þróunarverkefnum sem unnið er að og í rýnihópum kom víða fram að mikil umhyggja sé borin fyrir nemendum í skólanum.

### List- og verkgreinar

Nemendur í 1. bekk fá 1-2 tíma í viku hálfan veturinn í list- og verkgreinum en í öðrum árgöngum er kennt í hópum í hringekju skv. upplýsingum í námsvísunum árganganna. Þær greinar sem eru kenndar skv. þessu skipulagi eru heimilisfræði, hönnun og smíði, myndmennt, textílmenn og upplýsingamennt. Árgöngunum er skipt í hópa sem fá samtals 5 kennslustundir á viku í sjö vikur í viðkomandi grein. Dans er kenndur einn tíma í viku í 1.-6. bekk og tónmennt sömuleiðis einn tíma á viku í 1.-5. bekk. Í 9. og 10. bekk eru list- og verkgreinar kenndar í vali.

### Valgreinar

Í yfirliti yfir valgreinar 2010-2011 kemur fram að alls eru 9 valhópar utan skólans, í nágrennskólum og í Borgarholtsskóla. Innan skólans eru 22 valhópar í gangi ýmist eina önn eða allt skólaárið, þrjár þeirra eru ætlaðir fyrir 8. bekkjar nemendur. Um 60% valhópanna eru í list- og verkgreinum auk þess sem fram kemur að nemendur geta fengið ástundun í tónlist og íþróttum utan skóla metið sem val.

## Skólasafn

Skólasafnið er staðsett í björtu og rúmgóðu húsnæði á 2. hæð skólans. Það er vel búið, vistlegt og opið á skólatíma nemenda. Starfsemi skólasafnsins felst m.a. í útlánnum, sögustundum, safnakennslu og heimildaleit. Skólasafninu er meðal annars ætlað það hlutverk að styðja sem best við það sem fer fram í skólanum og aðstoða nemendur og starfsfólk við öflun hverskonar efnis. Markmið safnsins eru m.a.: að leiðbeina nemendum við að nota safnið við nám og til skemmtunar; að safnkosturinn hafi fræðslu og uppeldislegt gildi og sé aðgengilegur öllum nemendum og starfsfólki skólans; að hjálpa nemendum að verða sjálfbjarga við að afla heimilda við skólatengd verkefni og finna þau gögn sem tilheyra. safninu að örva áhuga nemenda á bókum og lestri; að þjálfa hlustun og eftirtekt með sögustundum. Stefnt er að því að allir nemendur fái bókasafnsfræðslu og læri m.a. á flokkunarkerfi safnsins (Heimasíða Borgaskóla. Bókasafn).

## Námsmat

Í skólahandbók kemur fram að mat á námi nemenda fer stöðugt fram með mati á vinnu, frammistöðu í einstökum verkefnum og framförum. Í október eru foreldrafundir þar sem umsjónarkennarar ræða við foreldra og nemendur og í janúar er vitnisburði skilað með formlegum hætti og að vori fá nemendur einkunnir afhentar (Skólahandbók, s. 18). Í námsvísum kemur í flestum tilvikum fram hvernig staðið er að námsmati í greininni. Í bóklegum greinum er gert ráð fyrir prófseinkunn og vinnueinkunn sem byggir á heimavinnuskilum, könnunum, vinnu og verkefnum nemenda en í list- og verkgreinum kemur ekki fram á hverju námsmat byggist. Undantekning er dans þar sem fram kemur að námsmat byggir á framkomu, virkni, áhuga og ástundun og í hönnun og smíði er gefin umsögn sem byggir á markmiðum. Í kennsluáætlunum er í flestum tilvikum gerð nánari grein fyrir námsmati og vægi einstakra þátta sem byggja upp einkunn.

Á vitnisburðablöðum kemur fram að námsmat er sett fram í umsögn í 1.-4. bekk ásamt lestrareinkunn. Á miðstigi er gert ráð fyrir prófseinkunn og vinnueinkunn og í unglingsdeild einnig skólaeinkunn.

## Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna


Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Á heimasíðu skólans kemur fram að á undanförunum árum hefur verið unnið að því að þróa nám og kennslu í skólanum í átt til einstaklingsmiðaðs náms. Þróunarverkefnið *Í átt til einstaklingsmiðaðs náms í 4. bekk* var unnið skólaárið 2004-2005, þar sem m.a. var þriggja kennara kerfi 4 tíma á viku með þrepaskiptum hópum og þróunarverkefnið *Ábyrgð – ánægja – árangur* skólaárið 2005-2006, þar sem hugmyndafræði um einstaklingsmiðað nám var þróuð áfram og tók til allra árganga skólans. Einstaklingsmiðað nám er skilgreint þannig að það byggir fyrst og fremst á rétti einstaklingsins til að afla sér þekkingar á þann veg sem höfðar mest til eiginleika hans og veitist honum auðveldara en ef hann á að fara leiðir þar sem styrkur hans nýtist illa. Einstaklingsmiðaða kennslu þarf því að byggja á góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið nemanda (Heimasíða Borgaskóla. Þróunar- og samstarfsverkefni).



Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

## Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir



Alls var farið í heimsókn í 26 kennslustundir í 1.-10. bekk og þar af 23 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).

Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar (súla 2 á myndinni) eða 65% og 22% (súla 1 á myndinni) til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 13% kennslustundanna teljast viðunandi (súla 3) og engar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast óviðunandi (súla 4). Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

### Ábendingar

- Meðal markmiða í stefnukorti Borgaskóla er fagleg kennsla og í framtíðarsýn segist skólinn m.a. að leggja áherslu á faglegt og metnaðarfullt skólustarf og vera meðal fremstu skóla í lestrarkennslu.
- Gildi skólans eru: Ábyrgð – ánægja – Árangur, þar sem árangur tengist því að markvisst og vel sé unnið og í skólahandbók kemur fram að Borgaskóli hafi mótað stefnu sína í átt að fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi með markvissu skipulagi náms og kennslu, samvinnu kennara og góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið nemanda með einkunnarorð skólans að leiðarljósi.
- Í námsvísunum árganga og greina kemur víða fram að farið sé fjölbreyttar leiðir í náminu og ólíkar leiðir eftir greinum. Í kennsluáætlunum nemenda kemur ekki fram lýsing á fjölbreyttum leiðum heldur virðist vinnan mest bundin námsbókum og yfirferð.
- Kennarar í rýnihópi segja frá hringekjakerfi sem notað er í skipulagi náms, hvert verkefni tekur nokkur skipti og byrjar kennslan með innlögnum og verkefnum í kjölfarið, hver lota er 5-8 vikur. Innlagnir eða fyrirlestrar, almenn kennsla og hópavinna einkenna kennslu að mati hópsins.
- Að mati foreldra í rýnihópi er mikið gert til að vekja áhuga nemenda á náminu og „kennarar leggja sig alla fram til að gera skemmtilega og áhugaverða hluti hér“.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í tæplega 40% þeirra tilvika í þeim

stundum sem heimsóttar voru. Innlögn og umræður voru í um 23% stundanna og verklegt, sköpun og tjáning eða tilraunir einnig um 23%.

- Nemendur í 1. bekk fá 1-2 tíma í viku hálfan veturinn í list- og verkgreinum en í öðrum árgöngum er kennt í hópum í hringekju skv. upplýsingum í námsvísunum árganganna í 9. og 10. bekk eru list- og verkgreinar kenndar í vali.
- Í skólahandbók kemur fram að mat á námi nemenda fer stöðugt fram með mati á vinnu, frammistöðu í einstökum verkefnum og framförum. Nemendur fá skriflegan vitnisburð afhentan tvisvar á ári.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða 65% og 22% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 13% kennslustundanna teljast viðunandi og engar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast óviðunandi
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

## Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

### Stjórnun og stefna

Verkefnastjóri í sérkennslu sinnir stjórnun sérkennslunnar í sem svarar níu tímum á viku, hún er næsti yfirmaður kennara í námsveri og stuðningsfulltrúa og fundar með þeim einu sinni í viku um það hver fær þjónustu og hvernig og hvenær. Sérstakir fundir eru með kennara í námsveri. Hún ásamt öðrum millistjórnendum fundar einu sinni í viku með skólastjórnendum, situr nemendaverndarráðsfundi svo og skilafundi með öllum stofnunum og heldur utan um alla skýrslugerð. Námsráðgjafi sér um greinandi lestrarpróf og fyrirlögn á Talnalykli, tilvísanir fara að hluta um hennar hendur og hún situr oft skilafundi eftir greiningar.

Í skólahandbók, kafla um sérkennslu, kemur fram að unnið er eftir lögum um grunnskóla og reglugerð um sérkennslu þar sem segir að grunnskólinn skal „laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna, þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi“. Ennfremur segir að lögð sé áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir með því að finna sem fyrst þá nemendur sem þurfa séraðstoð. Til þess eru m.a. notuð greinandi próf sem lögð eru fyrir heila árganga og einstaklingsathuganir vakni grunur um sértæka námsörðugleika (Skólahandbók, s. 19).

Enginn menntaður sérkennari starfar að sérkennslu við skólann og fram kemur að sumir telja að þá þekkingu vanti. Þátttakendur í rýnihópi um sérkennslu töldu sig ekki hafa mikla innsýn í stefnu skólans eða markmið sérkennslunnar og vissu ekki hvað lá að baki vali á nemendum í sérkennslu, einnig kom fram hjá þeim það sjónarmið að of langt sé gengið að allir eigi rétt á að vera í heimaskóla, sumir nemendur þurfi meiri sérfræðiþjónustu en skólinn getur veitt.

Í rýnihópum kemur víða fram að starfsmenn og foreldrar hafa af því áhyggjur að skert fjármagn muni koma niður á þjónustu við nemendur með sérþarfir og birtast m.a. í stórum bekkjardeildum þar sem erfitt verður að koma til móts við einstaklinga.

## **Skipulag sérkennslu**

Sérkennsla fer fram ýmist innan eða utan bekkjar, einnig er í sumum tilvikum þriðji kennarinn í árgangi og er þá skipt í minni hópa, svokallaða stjórnuhópa (Skólahandbók, s. 19). Stuðningsfulltrúar vinna með einstaka nemendum, þær tengjast ákveðnum árgöngum, á fundum þeirra með verkefnisstjóra sérkennslu er farið yfir skipulag vinnunnar, en „mikið rót“ er á þeim og „málin alltaf í þróun“, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu.

Í sérkennsluveri er lögð mest áhersla á íslensku og stærðfræði en einnig veitt aðstoð í tungumálum og samfélagsfræði. Einn kennari í 60% starfi er í námsverinu og annar starfsmaður þegar flestir nemendur eru. Mest eru þar 7 nemendur að sögn rýnihóps um sérkennslu.

Deildarstjóri sér um sérkennslu í stærðfræði á unglingastigi og einnig er veittur lestrarstuðningur inni í bekk.

Fram kemur að leitað er ýmissa leiða til að koma til móts við nemendur með sérþarfir, s.s. með aukatímum í smíði og heimilisfræði, einnig að einn nemandi fylgir að hluta umsjónarmanni húss og aðstoðar hann. *Baujan* (baujan.is) sem er sjálfstyrkingarverkefni er í boði 4 stundir í viku í skólanum og flestir nemendur fara í það áður en þau komast á unglingastig. Einnig verkefnið *Betra líf* sem er í boði fyrir þá sem þurfa meiri eða öðru vísi hreyfingu en býðst í íþróttum í skólanum.

**Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir** eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja frá heildinni og eru það umsjónarkennarar eða faggreinakennarar sem gera þær með samþykki foreldra.

## **Aðstaða og aðbúnaður**

Sérkennsluver er vel staðsett innan skólans að mati rýnihóps um sérkennslu og auk þess ýmis rými sem hægt er að fara í. Aðstaða almennt góð fyrir fatlaða nemendur, salerni við hæfi og lyfta. Tölvukostur er þó „í lágmarki“.

## **Viðhorf og líðan:**

Viðhorf er almennt jákvætt í skólanum til barna með sérþarfir að mati rýnihóps um sérkennslu, en börnin eru ekki öll virkir þátttakendur inni í bekknum og „þau finna að þau eru ekki að gera það sama og hinir“. Það vantar meira félagslegt samstarf, sérstaklega í eldri hópum segir jafnframt í hópnum.

## **Upplýsingaflæði – samstarf**

Samstarf við kennara er gott, en „kennararnir mættu stundum nýta okkur betur“, segja stuðningsfulltrúar í rýnihópi. Það þyrfti að mati hópsins að vera fastur fundartími með kennurum og stuðningsfulltrúum til að koma upplýsingum á milli.

## **Ráðgjöf - þjónustumiðstöð**

Ráðgjöf til kennara er ekki veitt frá sérkennsluveri, en kennsluráðgjafi hefur veitt ráðgjöf vegna nemanda og heilsugæslan einnig komið inn, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu. Námsráðgjafi veitir líka kennurum ráðgjöf ýmist vegna einstaklinga eða hópa.

Samstarf við þjónustumiðstöð er í gegnum sálfræðing, kennsluráðgjafa og félagsráðgjafa. Mikil og góð samskipti eru við þjónustumiðstöðina í hverfinu og við fardeildina sem nýtist vel í ákveðnum málum kemur fram hjá námsráðgjafa, hún hittir sérkennslufulltrúa í Miðgarði eftir því sem mál koma upp sem hún er inni í.

**Námsráðgjafi** er í 100% starfi við skólann, hún vinnur jafnt með yngri og eldri nemendum, einstaklingum og hópum auk þess sem hún reynir að fara í alla bekkir yfir veturinn með félagsfærni, s.s. *Zippy* á yngsta stigi, hópefli á miðstigi og námstækni á unglingastigi. Hún sér um fyrirlögn greinandi prófa og skimana og einnig um kvíða og reiðiprógramm eftir því sem þörf kemur upp fyrir slíkt og er þá með 2-3 saman í hóp. Hún er einnig forvarnarfulltrúi skólans og skipuleggur Maritafraeðslu í samstarfi við Engjaskóla. Auk þessa kemur hún að töflugerð fyrir unglingastig með deildarstjóra.

**Stuðningsteymi** (lausnateymi) er ekki starfandi við skólann.

**Nemendaverndarráð** fundar tvisvar í mánuði, í því sitja aðstoðarskólastjóri, verkefnisstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og félagsráðgjafi frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur skólans. Umsjónarkennarar vísa málum skriflega til nemendaverndarráðs eða ráðið tekur mál sem verið er að vinna með.

### Ábendingar

- Verkefnastjóri í sérkennslu sinnir stjórnun sérkennslunnar í sem svarar níu tímum á viku, hún er næsti yfirmaður kennara í námsveri og stuðningsfulltrúa.
- Í skólahandbók, kafla um sérkennslu, kemur fram að unnið er eftir lögum um grunnskóla og reglugerð um sérkennslu þar sem segir að grunnskólinn skal „laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna, þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi“.
- Enginn menntaður sérkennari starfar að sérkennslu við skólann og fram kemur að þá þekkingu vanti. Þátttakendur í rýnihópi um sérkennslu töldu sig ekki hafa mikla innsýn í stefnu skólans eða markmið sérkennslunnar.
- Í rýnihópum kemur víða fram að starfsmenn og foreldrar hafa af því áhyggjur að nemendur með sérkennsluþarfir fái ekki þá þjónustu sem þeir þurfa vegna takmörkunar á fjárframlögum til skóla.
- Sérkennsla fer fram ýmist innan eða utan bekkjar, einnig er í sumum tilvikum þriðji kennarinn í árgangi og er þá skipt í minni hópa, svokallaða stjörnuhópa
- Fram kemur að leitað er ýmissa leiða til að koma til móts við nemendur með sérþarfir, s.s. með aukatímum í smíði og heimilisfræði.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja frá heildinni og eru það Umsjónarkennarar eða faggreinakennarar sem gera þær með samþykki foreldra.
- Sérkennsluver er vel staðsett innan skólans að mati rýnihóps um sérkennslu og auk þess ýmis rými sem hægt er að fara í. Aðstaða almennt góð fyrir fatlaða nemendur, salerni við hæfi og lyfta. Tölvukostur er þó „í lágmarki“.
- Viðhorf er almennt jákvætt í skólanum til barna með sérþarfir að mati rýnihóps um sérkennslu, en börnin eru ekki öll virkir þátttakendur inni í bekknum.
- Samstarf við kennara er gott, en „kennararnir mættu stundum nýta okkur betur“, segja stuðningsfulltrúar í rýnihópi.
- Ráðgjöf til kennara er ekki veitt frá sérkennsluveri, en kennsluráðgjafi hefur veitt ráðgjöf vegna nemanda og heilsugæslan einnig komið inn, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu. Námsráðgjafi veitir líka kennurum ráðgjöf ýmist vegna einstaklinga eða hópa.

- Samstarf við þjónustumiðstöð er í gegnum sálfræðing, kennsluráðgjafa og félagsráðgjafa. Mikil og góð samskipti eru við þjónustumiðstöðina í hverfinu og við fardeildina.
- Nemendaverndarráð fundar tvisvar í mánuði. Umsjónarkennarar vísa málum skriflega til nemendaverndarráðs eða ráðið tekur mál sem verið er að vinna með.

## **Skólaþróun og mat**

Borgaskóli hefur lagt áherslu á þróunar- og samstarfsverkefni til að bæta og efla skólastarfið. Þróunaráætlun er sett fram til nokkurra ára í senn og sótt um fjármagn til að fjármagna stærstu verkefnin. Markmiðið með þróunarverkefnum er að bæta skólastarfið, auðga og festa í sessi fjölbreytta kennsluhætti og mat, nemendum til hagsbóta. Á skólaárinu 2010-2011 er meginþemað öryggi og vellíðan í skólanum bæði fyrir nemendur og starfsfólk (Heimasíða. Þróunar- og samstarfsverkefni og Skólahandbók, s. 21).

Helstu verkefnin sem unnið er að eru: Byrjendalæsi í 1.-3. bekk sem er samvirk aðferð í lestrarkennslu og Orð af orði í 4.-10. bekk sem er kennsluáferð þar sem unnið er markvisst með orð og texta. Bæði þessi þróunarverkefni eru unnin í samvinnu við og undir stjórn starfsmanna frá HA og í samstarfi skólanna í Grafarvogi.

Önnur þróunarverkefni eru: Jafnréttisáætlun, Lestrarstefna í Grafarvogi, Náttúrulífs- og útikennsla, Olweus gegn einelti, Samskipti og samvinna í Borgaskóla (SSB), Skorkort og Vistvernd eða Grænfánaverkefni, en skólinn hefur fengið Grænfánann afhentan í annað sinn (Skólahandbók, s. 22-23).

Þegar sjálfsmatsaðferðir Borgaskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins töldust viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti, en aðeins 21% grunnskóla sem voru í úttekt á árunum 2007-2009 uppfylltu þessi viðmið að fullu.

Sjálfsmats- og umbótaáætlun Borgaskóla fyrir árin 2009-2011 liggur fyrir við matið. Þar eru tilgreindir áherslupættir og settar fram matsspurningar fyrir hvern þátt, meðal þátta er lestur og lesfimi, vistvernd og útikennsla, endurskoðun á skólareglum, efling starfsánægju, bætt þekking á einhverfu og hallalaus rekstur skólans. Í umbótaáætlun eru áherslupættir settir upp í fjórum víddum og hvert verkefni með markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum. Athygli er vakin á því að í umbótaáætlun á heimasíðu skólans birtist aðeins verklagsþátturinn.

## **Ábendingar**

- Borgaskóli hefur lagt áherslu á þróunar- og samstarfsverkefni til að bæta og efla skólastarfið. Þróunaráætlun er sett fram til nokkurra ára í senn og sótt um fjármagn til að fjármagna stærstu verkefnin. Markmiðið með þróunarverkefnum er að bæta skólastarfið, auðga og festa í sessi fjölbreytta kennsluhætti og mat, nemendum til hagsbóta.
- Á skólaárinu 2010-2011 er meginþemað öryggi og vellíðan í skólanum bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Helstu verkefnin sem unnið er að eru: Byrjendalæsi í 1.-3. bekk og Orð af orði í 4.-10. Bekk
- Þegar sjálfsmatsaðferðir Borgaskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins töldust viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti, en aðeins 21% grunnskóla sem voru í úttekt á árunum 2007-2009 uppfylltu þessi viðmið að fullu.

- Sjálfsmats- og umbótaáætlun Borgaskóla fyrir árin 2009-2011 liggur fyrir við matið. Þar eru tilgreindir áhersluþættir og settar fram matsspurningar fyrir hvern þátt.
- Í umbótaáætlun eru áhersluþættir settir upp í fjórum víddum og hvert verkefni með markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum. Athygli er vakin á því að undir umbótaáætlun á heimasíðu skólans birtist aðeins verklagsþátturinn.

## **Virk upplýsingamiðlun**

Gagnkvæm miðlun upplýsinga eykur skilning hinna fullorðnu á þörfum og aðstæðum barnanna, segir í skólahandbók Borgaskóla. Í viðleitni sinni til að miðla upplýsingum og ýta undir samstarf fer skólinn ýmsar leiðir; kynningarfundir eru haldnir í byrjun september og boða kennarar til þeirra, þar er hagnýtum upplýsingum um námið og starfið komið á framfæri; formlegir viðtalsdagar á skólaárinu eru tveir, þá fær hver nemandi ásamt foreldrum sínum viðtalstíma við sinn umsjónarkennara og sérgreinakennarar eru einnig til viðtals fyrir þá sem þess óska; að vori eru foreldradagar þar sem foreldrum/ forráðamönnum er boðið að koma til viðtals í skólann á skólatíma eða eftir skóla og kynna sér verkefni, námsumhverfi og árangur í starfi barna sinna (Skólahandbók Borgaskóla. Samstarf heimila og skóla).

Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 72% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 19% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 3,9 í spurningunni, sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (4,1).

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar frá kennurum, kennarar senda tölvupóst þegar eitthvað er um að vera, áætlanir eru birtar á heimasíðu og upplýsingar um heimanám í Mentor.

Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt mjög jákvæð. Mentor er notaður sem upplýsingamiðill til allra og svo er hringt í foreldra ef nánar þarf að ræða hlutina. Upplýsingar um nám og kennslu eru á heimasíðu, bekkjarsíðum árganga og bekkja og sendur er vikupóstur um hvað er að gerast í skólanum.

## **Ábendingar**

- Gagnkvæm miðlun upplýsinga eykur skilning hinna fullorðnu á þörfum og aðstæðum barnanna, segir í skólahandbók Borgaskóla. Í viðleitni sinni til að miðla upplýsingum og ýta undir samstarf fer skólinn ýmsar leiðir.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 72% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 19% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 3,9 í spurningunni, sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar frá kennurum, kennarar senda tölvupóst þegar e-ð er um að vera og áætlanir eru birtar á heimasíðu og upplýsingar um heimanám í Mentor.
- Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt mjög jákvæð. Mentor er notaður sem upplýsingamiðill til allra og svo er hringt í foreldra ef nánar þarf að ræða hlutina.

## **Skólanámskrá og námsáætlanir**

Starfsáætlun og skólanámskrá Borgaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið ásamt stefnumörkun í samhæfðu árangursmati og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum

skólastarfsins, s.s. stefnu skólans, stoðkerfi, námsvísium o.fl. (sjá meðfylgjandi: Gátlista um starfsáætlun og um skólanámskrá).

Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007. Í námsvísium sem gefnir eru út fyrir alla árganga eru birt markmið hvernar námsgreinar og upplýsingar um kennslufyrirkomulag og námsefni. Tilhögun námsmats kemur fram í flestum greinum en ekki öllum. Námsvísar liggja fyrir í ljósrituðum heftum og á heimasíðu undir krækjunni skjalasafn.

Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Í kennsluáætlunum sem gerðar eru fyrir önnina í hverri námsgrein í 8.-10. bekk koma fram upplýsingar námsefni, námsmat og heimavinnu og í sumum greinum meginmarkmið, einnig kemur fram hvað á að vinna í hverri viku yfir önnina. Kennsluáætlanir yngri deilda liggja ekki fyrir við matið en í skólahandbók kemur fram að einu sinni í viku fá nemendur 1.-7. bekkjar afhenta eða vinna sjálfir áætlun um heimanám og skipulag skólastarfs komandi viku. Fylgja þá oft með einhverjar fréttir af skólastarfinu og upplýsingar sem nauðsynlegt er að foreldrum berist (Skólahandbók. Nám og kennsla).

## Heimasíða

Heimasíða Borgaskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Þær eru ekki dagsettar þannig ekki sést síðan hvenær þær eru, sama gildir um fréttir og tilkynningar sem birtast undir krækjunni: Árgangar.

Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast í skólahandbók og í starfsáætlun, svo og í námsvísium fyrir alla árganga og kennsluáætlunum fyrir unglíngadeildir. Bent er á að erfitt er að átta sig á hvar þessar upplýsingar er að finna en áætlanir eru undir krækjunni: Skjalasafn.

Greinargóðar upplýsingar eru á síðunni um skólaráð og foreldrafélagið og starfsemi þess.

Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna á heimasíðunni, né upplýsingar kennslu nýbúa, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Nemendur í rýnihópi lýstu sérstakri ánægju með að fréttir eru settar á heimasíðu um afrek þeirra utan skóla m.a. í íþróttum, sem dæmi má nefna nýlega frétt um að nemandi í 9.bekk, hafi unnið til verðlauna í fyrri hluta verkefnis sem kallast *Heimabyggðin mín-Nýsköpun-Heilbrigði og forvarnir*. Verðlaunin fær hún fyrir hugmynd um að byggja innanhúss skíðahús í hlíðum Úlfarsfells.

## Ábendingar

- Starfsáætlun og skólanámskrá Borgaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið ásamt stefnumörkun í samhæfðu árangursmati og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Í námsvísium sem gefnir eru út fyrir alla árganga eru birt markmið hvernar námsgreinar og upplýsingar um kennslufyrirkomulag og námsefni. Tilhögun námsmats kemur fram í flestum greinum en ekki öllum.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

- Í kennsluáætlunum sem gerðar eru fyrir önnina í hverri námsgrein í 8.-10. bekk koma fram upplýsingar námsefni, námsmat og heimavinnu og í sumum greinum meginmarkmið, einnig kemur fram hvað á að vinna í hverri viku yfir önnina.
- Kennsluáætlanir yngri deilda liggja ekki fyrir við matið.
- Heimasíða Borgaskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Þær eru ekki dagsettar þannig ekki sést síðan hvenær þær eru.
- Greinargóðar upplýsingar eru á síðunni um skólaráð og foreldrafélagið og starfsemi þess.
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna á heimasíðunni, né upplýsingar kennslu nýbúa, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).
- Nemendur í rýnihópi lýstu sérstakri ánægju með að fréttir eru settar á heimasíðu um afrek þeirra utan skóla m.a. í íþróttum.

## **Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi**

Borgaskóli fékk nýverið úthlutað Grænfánanum í annað sinn, mótuð hefur verið umhverfisstefna skólans og vistvernd er áhersluþáttur í skólaþróun skólaárið 2010-2011. Í skólanum er pappír endurnýttur, flöskum og dósnum safnað og notuð vistvæn hreinsiefni til ræstinga. Sorpið er flokkað í pappír, bylgjupappa, fernur, rafhlöður og almennt sorp og skólalóðin hreinsuð vikulega. 5. bekkur gróðursetur síðan tré á hverju ári í Skólaskógum.

Í umhverfismarkmiðum fyrir skólann segir:

- Að starfsfólk skólans fræði nemendur um gildi umhverfisverndar.
- Að nemendur læri gildi þess að ganga vel um náttúruna.
- Að nemendur séu meðvitaðir um nauðsyn þess að flokka og endurvinnna sorp.
- Að nemendur læri gildi þess að nota sem minnst af einnota umbúðum.
- Að nemendur læri að nýta sér fjölbætta möguleika, s.s. upplýsingatækni til að auka þekkingu sína á vistvernd.
- Að vekja nemendur til vitundar um hve mikið sorp fellur til daglega.
- Að skólinn í samvinnu við heimilin veki nemendur til ábyrgðar um sitt nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins.

(Skólahandbók Borgaskóla 2010-2011)

Á þessu skólaári er stefnt að því að auka útikennslu og náttúruskoðun og m.a. vinna að því að koma upp útikennslustofu í fjörunni fyrir neðan skólann. Á síðasta ári var unnið að því að draga úr umferð við skólann og komu þá fleiri nemendur gangandi eða hjólandi í skólann.

Nýlega var byrjað selja ávexti til nemenda í áskrift og hafragraut fá nemendur á morgnana sér að kostnaðarlausu.

## **Öryggisþættir**

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.

Áhættumat fyrir 2010-2011 liggur fyrir við matið. Það var unnið eftir vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins og hefur það verið gert sl. sex ár. Gerð er grein fyrir þeim úrbótum sem hafa verið gerðar frá síðasta áhættumati en einnig kemur fram að sömu atriði séu tilgreind í



áhættumati frá ári til árs og flest þeirra á hendi Framkvæmdasviðs að bæta úr, meðal þess er að laga stillingu á loftræstikerfi og bæta hljóðvist. Lýsingu á skólalóð er ábótavant og í rýnihópum foreldra og starfsmanna kom þetta fram einnig og talið brýnt að bæta úr. Einnig þarf að endurskipuleggja skólalóð með tilliti til afþreyingar og leikþarfa barna.

### Ábendingar

- Borgaskóli fékk nýverið úthlutað Grænfánanum í annað sinn, mótuð hefur verið umhverfisstefna skólans og vistvernd er áhersluþáttur í skólaþróun skólaárið 2010-2011.
- Í skólanum er pappír endurnýttur, flöskum og dósum safnað og notuð vistvæn hreinsiefni til ræstinga og sorpið flokkað.
- Á þessu skólaári er stefnt að því að auka útikennslu og náttúruskoðun og m.a. vinna að því að koma upp útikennslustofu í fjörunni fyrir neðan skólann .
- Nýlega var byrjað selja ávexti til nemenda í áskrift og hafragraut fá nemendur á morgnana sér að kostnaðarlausu.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.
- Áhættumat fyrir 2010-2011 liggur fyrir við matið. einnig kemur fram að sömu atriði séu tilgreind í áhættumati frá ári til árs og flest þeirra á hendi Framkvæmdasviðs að bæta úr, meðal þess er að laga stillingu á loftræstikerfi og bæta hljóðvist.
- Lýsingu á skólalóð er ábótavant og í rýnihópum foreldra og starfsmanna kom þetta fram einnig og talið brýnt að bæta úr.
- Einnig þarf að endurskipuleggja skólalóð með tilliti til afþreyingar og leikþarfa barna.

## Mannauður

### **Starfsánægja og líðan á vinnustað**

Í skólanum starfa 54 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 42,76 stöðugildum, þar af kennarar í 23,87 stöðugildum.

Á undanförunum árum hefur Borgaskóli fengið heldur lakari útkomu í starfsánægjukönnunum þeim er gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar en aðrir grunnskólar borgarinnar að meðaltali, en hefur þó í flestum þáttum þokast upp á við<sup>7</sup>. Þannig fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi“ gildið 3,69 árið 2008 í Borgaskóla en 75% svarenda voru henni sammála. Ári síðar, vorið 2009 mældust viðhorfin jákvæðari (4,02) en samt ennþá nokkuð undir meðaltali allra grunnskóla (4,27)<sup>8</sup>.

Niðurstöður viðhorfakönnunar starfsmanna sem gerð var á vegum borgarinnar vorið 2008 sýndi fremur neikvæð viðhorf gagnvart samvinnu og starfsanda á vinnustaðnum og töluvert undir meðaltali annarra grunnskóla í borginni. Fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ fékk gildið 3,70 (60,6% voru sammála, meðaltalsgildið var 4,10) og eins fékk fullyrðingin „Mér finnst góður starfsandi ríkja á mínum vinnustað“ gildið 3,44 sem var umtalsvert lægra en meðaltalsgildið (4,10). Fimmtungur svarenda í skólanum (20,6%) var fullyrðingunni ósammála. Niðurstöðurnar voru jákvæðari vorið 2009 en þá hækkaði gildið við fullyrðingunni um góða samvinnu á vinnustaðnum í 3,80 og um góðan starfsanda í 3,78 sem var þó töluvert enn undir meðaltalsgildum (4,20 og 4,38). Í þeirri könnun töldu einnig færri sig verða fyrir einelti og áreitni af hálfu þjónustuþega og samstarfsmanna. Enginn svaraði því játandi að hafa orðið fyrir einelti á síðustu 12 mánuðum og færri töldu sig hafa orðið fyrir áreitni en árið á undan. Þannig töldu 10% svarenda hafa orðið fyrir áreitni af hálfu samstarfsfólks borið saman við 24% vorið 2008 og 23% töldu sig hafa orðið fyrir áreitni af hálfu þjónustuþega og lækkaði það úr 41% frá fyrra ári. Þetta hlutfall var engu að síður hærra en að meðaltali í grunnskólum (12%).

Í rýnihópum og viðtölum komu fram mismunandi sjónarmið varðandi starfsanda, sumir töldu hann hafa breyst til hins betra á undanförunum árum og sögðu hann vera „allt í lagi“ núna en aðrir töldu starfsmannahópin vera dálítið skiptan. Það kom fram að á tímabili hefði fólk verið fálátt í hvors annars garð en það hefði lagast mikið. Talað var einnig um að félagslíf starfsmanna mætti vera betra og mæting á viðburði væri frekar dræm. Það kom fram í rýnihópi almennra starfsmanna að vinnuálag væri mikið, búið væri að bæta miklum verkefnum á þá sem enn eru í starfi og erfiðleikar sköpuðust vegna þessa t.d. vegna veikinda. Í rýnihópi kom einnig fram að mannauðsráðgjafi frá Menntasviði hefur í vetur verið að vinna með hópi starfsmanna varðandi samskipti á vinnustaðnum.

Þegar þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans var eftirfarandi nefnt: Umhyggja fyrir skólasamfélaginu, nálægð við náttúruna, smæð skólans sem gerir fólki kleift að geta fljótt gripið inn í mál, uppbrot í skólastarfinu, gott starfsfólk, góð samstaða, góður starfsandi, gott og vel rekið mötuneyti, fínir krakkar, mannauðurinn, samvinna milli fólks, ábyrgðin sem nemendur bera á námi sínu, metnaðarfullir kennarar, faglegt starf og faglegur metnaður.

<sup>7</sup> Svarhlutfall Borgaskóla í könnuninni vorið 2008 var 63% og vorið 2009 72%.

<sup>8</sup> Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Þegar þátttakendur voru beðnir um að nefna það sem mætti vera betra var eftirtalið nefnt: Samstarf heimila og skóla, liðsheildin og samheldnin í starfsmannahópnum mætti vera betri, smæð skóla væri líka ákveðinn ókostur, starfsandinn mætti vera betri, kennarar myndu vilja sjá meiri samþættingu list- og verkgreina og bóklegra greina en telja bygginguna hamla því. Manneklan var sögð einn af helstu veikleikunum, sparnaður og aukið álag þegar eru veikindi. Einnig var nefnt að það vantaði hrós og endurgjöf.

## Samstarf

Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum einu sinni í mánuði, vikulegum stigsfundum, fagfundum. Skólastjóri fundar með almennum starfsmönnum hálfsmánaðarlega.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 73% svarenda í Borgaskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“. Sama hlutfall var einnig sammála fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“.

Í hópi almennra starfsmanna kom það fram að ánægja er með reglulega fundi með skólastjóra og þeir sagðir mikilvægir. Það kom fram að það hefði haft áhrif á samskipti starfsmanna til hins verra á tímabili þegar þessir fundir féllu niður.

Í rýnihópum kennara kom fram að kennarar eru nokkuð sáttir með skipulag funda en töldu að í einhverjum tilfellum mætti nýta þá betur, stigsfundir gætu til að mynda verið markvissari. Það kom einnig fram í hópi millistjórnenda að fundir stjórnendateymis vikju stundum fyrir tilfallandi verkefnum.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru um 68% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og 60% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

Á rýnifundum var ekki rætt sérstaklega um kynjajafnrétti og jafnræði.

## Ábendingar

- Á undanförunum árum hefur Borgaskóli fengið heldur lakari útkomu í starfsánægjukönnunum þeim er gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar en aðrir grunnskólar borgarinnar að meðaltali, en hefur þó í flestum þáttum þokast upp á við.
- Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi“ fékk gildið 4,02 árið 2009 sem er nokkuð undir meðaltali allra grunnskóla (4,27) en hærra en árið áður.
- Sömuleiðis hækkaði gildið við fullyrðingunni um góða samvinnu á vinnustaðnum í 3,80 og um góðan starfsanda í 3,78 sem var þó enn töluvert undir meðaltalsgildum (4,20 og 4,38).
- Enginn svaraði því játandi í könnuninni árið 2009 að hafa orðið fyrir einelti á síðustu 12 mánuðum og færri töldu sig hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki en árið á undan (10%). Þetta hlutfall var engu að síður hærra en að meðaltali í grunnskólum (7%). Áreitni frá þjónustugegum sögðust 24% hafa orðið fyrir en meðaltal skóla var 12%.
- Í rýnihópum og viðtölum komu fram mismunandi sjónarmið varðandi starfsanda, sumir töldu hann hafa breyst til hins betra á undanförunum árum og sögðu hann vera „allt í lagi“ núna en aðrir töldu starfsmannahópin vera dálítið skiptan.

- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum einu sinni í mánuði, vikulegum stigsfundum, fagfundum. Skólastjóri fundar með almennum starfsmönnum hálfsmánaðarlega.
- Í rýnihópum kennara kom fram að kennarar eru nokkuð sáttir með skipulag funda en töldu að í einhverjum tilfellum mætti nýta þá betur, stigsfundir gætu til að mynda verið markvissari.
- Í hópi almennra starfsmanna kom það fram að ánægja er með reglulega fundi með skólastjóra og þeir sagðir mikilvægir og það hefði haft áhrif á samskipti starfsmanna til hins verra á tímabili þegar þessir fundir féllu niður.
- Í viðhorfakönnuninni 2009 voru um 68% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og 60% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

## Aðbúnaður

Þegar aðbúnaður var ræddur í rýnihópum komu almennt fram athugasemdir um að búnaður, s.s. tölvur virkuðu ekki nægilega vel, það færi langur tími í að hlaða þær upp o.s.frv. Einnig væru prentarar bilaðir og skanni í ólagi. Samkvæmt því sem kom fram í rýnihópum kennara er kominn tími á endurnýjun í náttúrufræði- og smíðastofu.

Talað var um hönnun skólans, skólastofur væru litlar og gangar þröngir og ekki væri hægt að vera með hópastarf á göngum. Einnig vantaði leiktæki fyrir yngri nemendur sem hefðu átt að vera komin. Það kom fram að almennir starfsmenn eru ánægðir með vinnufatnað sem þeir fá árlega. Ánægja var með bókasafnið en þó kom fram að aðgengi að bókum, s.s. fagbókum væri takmarkað.

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 mælist fullyrðingin „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“ á aðgerðabili en um 68% svarenda voru þessari fullyrðingu sammála og 20% ósammála. Um 62% svarenda var sammála fullyrðingunni „Vinnuaðstaða mín er góð“. Viðhorf gagnvart vinnuaðstöðu voru nokkuð neikvæðari í könnuninni í Borgaskóla en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar.

## Ábendingar

- Athuga þarf hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

## Símenntun og starfsþróun

Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu áherslur hennar eru umhverfismennt og útikennsla, þátttaka allra starfsmanna í Olweusaráætluninni, Byrjendalæsi, Orð af orði og þátttaka í þróunarverkefninu L9. Helstu markmið hennar eru að efla þekkingu á aðferðum við lestrarkennslu, stærðfræðikennslu og útikennslu, mótun lestraráætlunar fyrir skólann ásamt mótun áætlunar í stærðfræði- og náttúrufræðikennslu. Einnig er stefnt að því að efla þekkingu til að mæta þörfum nemenda með sértækan vanda, s.s. einhverfu.

Áætlunin gerir ágæta grein fyrir leikreglum um símenntun. Áætlunin skilgreinir hinsvegar ekki þátttöku starfsmanna frekar, m.t.t. einstaklinga eða hópa. Einnig vantar nánari skilgreiningar í áætluninni um símenntunina, tímabil og ábyrgð á því að áætluninni sé framfylgt.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 73% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Um 66% svarenda voru mjög

eða frekar sammála því að símenntunin hefði nýst viðkomandi í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 90% svarenda höfðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan, sem var mjög svipað 2008 (91%). Hinsvegar voru aðeins um 39% þeirra er höfðu farið í slíkt samtali árið 2009 sammála því að það hefði verið gagnlegt.

Þegar rætt var um símenntun í rýnihópum og viðtölum komu fram jákvæð viðhorf á meðal kennara; það væri vel stutt við að þeir sæktu sér símenntun og tækifæri gefin til þess. Það kom fram ánægja með sameiginlegan starfsdag í Grafarvogi. Aðrir starfsmenn voru ekki jafn ánægðir með tækifæri til símenntunar; sögðu þau af skörnum skammti og ekki nægilegur stuðningur við að gera starfsmönnum það mögulegt að sækja símenntun. Það kom einnig fram í þeirra hópi að einhverjir teldu sig þurfa meiri upplýsingar um þátttöku skólans í Olweusaráætluninni til að þeir geti betur tileinkað sér stefnu og aðferðir. Það kom fram að starfsmannsamtöl væru gengju vel fyrir sig en mættu vera á meiri samræðugrundvelli.

### Ábendingar

- Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu áherslur hennar eru umhverfismennt og útikennsla, þátttaka allra starfsmanna í Olweusaráætluninni, Byrjendalæsi, Orð af orði og þátttaka í þróunarverkefninu L9.
- Áætlunin skilgreinir hinsvegar ekki þátttöku starfsmanna frekar, m.t.t. einstaklinga eða hópa. Einnig vantar nánari skilgreiningar í áætluninni um símenntunina, tímabil og ábyrgð á því að áætluninni sé framfylgt.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 73% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Um 66% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að símenntunin hefði nýst viðkomandi í starfi.
- Þá kom einnig fram í könnuninni að 90% svarenda höfðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan. Hinsvegar voru aðeins um 39% þeirra er höfðu farið í slíkt samtali árið 2009 sammála því að það hefði verið gagnlegt.
- Þegar rætt var um símenntun í rýnihópum og viðtölum komu fram jákvæð viðhorf á meðal kennara; það væri vel stutt við að þeir sæktu sér símenntun og tækifæri gefin til þess. Það kom fram ánægja með sameiginlegan starfsdag í Grafarvogi.
- Aðrir starfsmenn voru ekki jafn ánægðir með tækifæri til símenntunar; sögðu þau af skörnum skammti og ekki nægilegur stuðningur við að gera starfsmönnum það mögulegt að sækja símenntun.

### Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfakönnunum 2008 og 2009 mældust viðhorf til stjórnunar fremur neikvæð en þau voru mun jákvæðari í greiningu er gerð var 2007. Í síðustu könnun vorið 2009 voru um 72% starfsmanna frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að vinnustaðnum væri vel stjórnað sem var þó mikil hækkun frá 2008 en þá voru aðeins um 38% sammála þeirri fullyrðingu. Árið 2009 voru allar fullyrðingar er mæla viðhorf til stjórnunar undir meðaltali grunnskóla í borginni. Fullyrðingin „Ég er ánægð/ur með samskiptin við yfirmann minn“ fékk gildið 3,76 (4,26) og „Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum“ gildið 3,49 en rétt ríflega helmingur svarenda var sammála þeirri fullyrðingu (51,2%).

Það spannst ekki mikil umræða um stjórnendur í rýnihópum. Það kom þó fram að aðgengi að þeim væri nokkuð gott, þær sýnilegar í skólastarfinu og fljótar að bregðast við ef eitthvað væri. Það kom einnig fram í fleiri en einum hópi að stjórnendur veittu hrós og hvatningu en það voru þó einhverjir sem töldu að meira mætti vera lagt upp úr þessum þáttum.

## Ábendingar

- Í síðustu könnun vorið 2009 voru um 72% starfsmanna frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að vinnustaðnum væri vel stjórnað og allar fullyrðingar er mæla viðhorf til stjórnunar voru undir meðaltali grunnskóla í borginni, en hafa hækkað frá mælingum tvö árin á undan.
- Það spannst ekki mikil umræða um stjórnendur í rýnihópum. Það kom þó fram að aðgengi að þeim væri nokkuð gott, þær sýnilegar í skólastarfinu og fljótar að bregðast við ef eitthvað væri.
- Það kom einnig fram í fleiri en einum hópi að stjórnendur veittu hrós og hvatningu en það voru þó einhverjir sem töldu að meira mætti vera lagt upp úr þessum þáttum.

## Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll kennara á vorönn 2010. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.<sup>9</sup> Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í um 30,9 kennslustundir á önninni<sup>10</sup>, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 6,4 kennsludaga á vorönn 2010.<sup>11</sup>

Langtímafjarvera vegna veikinda eða leyfa er ekki meðtalin.

## Ábendingar

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 6,4 kennsludaga á haustönn 2009.
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er nálægt heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

---

<sup>9</sup> Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

<sup>10</sup> Vetrarorlof, langtíma veikindi og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

<sup>11</sup> Meðaltalsfjarvera kennara í þeim 18 skólum þar sem heildarmat hefur farið fram er tæpir 6 dagar á önn.



## **Fjármál**

### ***Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun***

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2010 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Borgaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

### ***Fjárhagsleg staða skólans***

Heildarfjárheimildir Borgaskóla fyrir árið 2008 voru að upphæð 331,448 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 342,870 þús. kr.

Heildarfjárheimildir Borgaskóla fyrir árið 2009 voru að upphæð 354,218 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 364,066 þús. kr.

Að mati skólastjóra var rekstur skólanna mjög erfiður þessi tvö ár vegna óvenjulegs efnahagsástands í þjóðfélaginu

### ***Ábendingar***

- Borgaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.



## Greining

### Styrkleikar:

Árangur nemenda er yfir meðaltali í samræmdum prófum og góður í stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009. Samkvæmt mati á kennslustundum teljast 87% góðar og frábærar. Stefna og sérstaða skólans er skýrt mörkuð í stefnukorti. Einelti mælist lágt (3.6%) og lægra en að meðaltali í borginni í könnun Olweusar og í Skólapúlssi haustið 2010.

### Veikleikar:

Nemendur ná slakari árangri í lesskilningi í PISA-rannsókn en í stærðfræði og náttúrufræði. Ánægja foreldra með stjórnun skólans mælist undir meðaltali í borginni.

### Ögranir:

Ákveðin gagnrýni hefur sett mark sitt á samstarf heimila og skóla á undanförunum árum. Skólabygging er talin hamla samstarfi og breyttum kennsluháttum að mati sumra.

### Tækifæri:

Styrkja lestrarfærni enn frekar á öllum aldurstigum. Vinna áfram með starfsanda og liðsheid. Styrkja tengsl stjórnenda við foreldrahópinn.

## Samantekt ábendinga

### Skólastarf

#### Námsárangur

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er aðeins lakari en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (69% miðað við 72% í borginni allri) en aðeins hærra hlutfall nemenda í Borgaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (69% miðað við 67% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er betri en árið áður (68%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (69% miðað við 61% árið áður).
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Borgaskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 11.8 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.<sup>12</sup> Í Borgaskóla stóðust 82% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins einn nemandi taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Meðaltalsárangur nemenda í Borgaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðlar nemenda í íslensku (1.02) og stærðfræði (1.03) í 7. bekk 2010 sýna venjulegar framfarir nemenda. Einnig sýna framfarstuðlar í 10. bekk venjulegar framfarir bæði í íslensku (1,01) og stærðfræði (1,02).
- Í PISA 2009 var Borgaskóli er fjórtándi í röðinni af 25 grunnskólum borgarinnar í árangri lesskilningi, fimmti besti í stærðfræði og sjötti í náttúrufræði. Þátttaka nemenda var 92%.

#### Stjórnun

- Skólastjóri leggur mikla áherslu á að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og séu ánægðir með það sem þeir eru að gera og hjá aðstoðarskólastjóra kemur fram að

---

<sup>12</sup> Fyrstu niðurstöður úr fyrirlögn Talnalykils í nóvember 2010 benda til að meðaltalsárangur sé lakari en árið á undan og lægra hlutfall nemenda standist viðmið í fyrsta þrepi prófsins.

undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum þróunarverkefnum um nám og kennslu, m.a. um einstaklingsmiðað nám.

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og einn deildarstjóri mynda stjórnunarteymi skólans sem hittist á fundum einu sinni til tvisvar í viku.
- Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun og á heimasíðu skólans. Bent skal á að undir fyrirsögninni *Um skólann* á heimasíðu birtist eldri gerð skipurits. Starfslýsingar og erindisbréf kennara og skólastjóra liggja fyrir í starfsmannahandbók skólans.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 57% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 11% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 3,4 sem er undir meðaltali í borginni (4,0).
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að stjórnendur skólans bregðist fljótt við og svari fyrirspurnum í tölvupósti og viðmót sé almennt gott í skólanum, „fint að koma inn í þennan skóla“.
- Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjórnendur vera aðgengilega og sýnilega í daglegu starfi.
- Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og deildar- og stigsfundir vikulega. Í rýnihópum kennara kemur fram að fundir séu allt of margir.
- Skólinn er opnaður kl. 7:40 og skrifstofa kl. 8:00, skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:30. Skóladegi lýkur kl.13:40 hjá 1.-4. bekk og 14:20 hjá 5.-7. bekk og suma daga kl. 15:00. Í 8.-10. bekk eru dagar mislangir og raðast valgreinar í lok dagsins.
- Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl 8:00 til kl 15:00.
- Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar. Matarhlé og frímínútur í hádegi eru í 50 mínútur á bilinu frá 11:30-12:20 nema hjá unglिंगadeild sem eru í mat kl. 12:10-12:40.
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á miðstigi og unglिंगastigi. Sundtímar falla inn í töflu.
- Skipulegt samstarf er við ÍTR um félagsstarf unglinga og frístundaheimili yngri nemenda. Einnig er samstarf við tónlistarskóla og skólahljómsveit. Mikið samstarf er við leikskólann og gagnkvæmar heimsóknir. Viðtækt samstarf er við fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og nemendur eiga þess kost að fara í heimsóknir, á tónleika, safnaferðir, sýningar og ferðir.
- Samstarf milli grunnskólanna í hverfinu er bæði mikið og gott að mati skólastjóra, fastir fundir eru með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum auk þess skólarnir reka sameiginlega Fardeild.

### **Stefna og starfsáætlun**

- Starfsáætlun Borgaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Í Skólahandbók kemur fram að hafin er vinna við að setja stefnu, markmið og mælikvarða á árangur inn í svokallað skorkort.
- Í stefnukorti Borgaskóla eru sett fram markmið undir fjórum víddum; skólasamfélag, innra starf, mannauður og fjármál, þar kemur m.a. fram áhersla á vellíðan og góðan árangur, faglega kennslu, góða skipulagningu og skilvirkni.
- Í Skólahandbók kemur fram að Borgaskóli hefur mótað stefnu sína í átt að fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi með markvissu skipulagi náms og kennslu, samvinnu kennara og góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið nemanda

- Sérstaða skólans er í stefnumótun tilgreind sem: Umhyggja, samstarf, gott andrúmsloft, teymisvinna, nálægð við náttúru, grænn skóli, sterkt foreldrasamstarf og þróunarverkefni.
- Skólinn er Grænfánaskóli og hefur fengið Grænfána í annað sinn. Áhersla er á útikennslu og að nýta lífríki fjörunnar til náttúrufræðikennslu.

### **Nemendur og líðan**

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Borgaskóla sú að 70.5% nemenda svöruðu að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er aðeins undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Borgaskóla í október 2010 hefur ánægja af lestri minnkað lítillega frá síðustu mælingu og mælist nú undir landsmeðaltali en áhugi á stærðfræði er nálægt meðaltali landsins.
- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma svipað út og áður og nálægt landsmeðaltali. Athygli vekur kynjamunur í spurningum sem varða líðan þar sem strákar koma betur út en stelpur og virðist meiri munur kynjanna í Borgaskóla en almennt gerist.
- Foreldrar barna í Borgaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,0 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 3.6% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Einelti mælist hlutfallslega hæst meðal stráka í 5. bekk. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.
- Spurning um einelti kemur betur út í könnun Skólapúlsins í október en áður (-0,47) þ.e. einelti mælist minna í október en í síðustu mælingu (apríl).
- Aðeins einn nemandi segist í Olweusarkönnun hafa verið lagður í einelti í eitt ár eða lengur.
- Af 55 foreldrum í Borgaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja ellefu eða 42%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27% (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og þau séu örugg, en „það eru ekki allir góðir vinir“ segir einn af yngri nemendum og í eldri hópnum kemur fram að þau vita um nemendur sem hefur liðið svo illa að þau hafa farið úr skólanum.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, í rýnihóp yngri nemenda segja þau að kennarinn sé „æði“ og vona að hann fylgi þeim áfram. Á miðstigi finnst nemendum kennarar ágætir, sumir strangir en ekki of meðan unglingar í rýnihóp eru gagnrýnni, kennarar eru „misgóðir“ og „mættu flýta sér minna“, þó flestir „kunni námsefnið“.
- Námsráðgjafinn fær sérstakt hrós frá rýnihópi unglinga, „hún kennir okkur að læra undir próf“ og fylgist með ef það eru vandamál heima, segja þau.

### **Stjórn nemendafélags**

- Þrettán fulltrúar úr 8.-10. bekk mynda stjórn nemendafélags Borgaskóla en miðað er við að tveir fulltrúar sitji í stjórn fyrir hvern bekk í unglíngadeild. Velta má því upp hvort reglur séu nógu skýrar ef auka fulltrúar eru teknir inn.
- Að sögn fulltrúa í stjórninni er almennt mikill áhugi á félagslífinu í skólanum, góð þátttaka og mikill áhugi á því að starfa í stjórninni.

- Frístundaráðgjafi á vegum ÍTR og aðrir starfsmenn ÍTR hafa umsjón með starfi nemendafélagsins og vinna náið með stjórninni.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.

### Reglur og agi

- Borgaskóli vinnur ekki eftir ákveðnu uppeldis- eða agakerfi en stefnan er að „kennarar skipti sér af öllum nemendum“ í samræmi við hugmyndafræði Olweusar.
- Skólareglur og verklagsreglur vegna brota á þeim eru birtar í Skólahandbók skólans, þar segir m.a. að í Borgaskóla gildi þær kurteis- og umgengnisreglur sem almennt eru viðurkenndar í vestrænum samfélögum.
- Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og núgildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000).
- Fram kemur í rýnihópi kennara og rýnihópi starfsmanna að skólareglur þyrftu að vera skýrari, markvissari og sýnilegri, þær eru „ágætar, en erfitt að vinna eftir þeim“.
- Nemendur í rýnihópum vita af skólareglum og telja að nemendur hlýði þeim almennt, en rýnihópi unglunga kemur fram að „sumir kennarar leyfa það sem annars er bannað“.
- Nemendur eru flestir á því að kennarar séu duglegir að hrósa og einstaklingar fá umbun ef þeir standa sig vel. Öðrum finnst að það mætti hrósa meira og umbun að koma helst næsta dag.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 72% svarenda í Borgaskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).
- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglingadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í öðrum 8. bekknum og öðrum 9. bekknum.

### Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Virk þátttaka foreldra er eitt af meginmarkmiðum í stefnukorti skólans. Í skólahandbók er lögð áhersla á að samvinna og samstarf heimila og skóla þjónar hagsmunum nemenda og stuðlar að bættum árangri þeirra í náminu
- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun veturinn 2010 voru þær að 80% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 23% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja foreldra er 3,9 (af 5) í Borgaskóla sem er lægra en að meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í heildina var margt jákvætt fyrir skólann í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Þar er mest áberandi stórt stökk upp á við hvað varðar almenna ánægju foreldra með skólann en auk þess var ánægja almennt mikil með umsjónarkennara, námslegar kröfur, aga, heimavinnu og líðan barnanna.
- Sé miðað við könnuna 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni hvað varðar þætti eins og almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðstöðu til að matast og leikaðstöðu skólalóð breyst lítið.
- Skólinn er undir meðaltali grunnskóla í spurningu um viðbrögð við einelti í foreldrakönnun.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með kennarana, „samskiptin hafa verið ljúf og góð“ og yfirleitt mjög gott samstarf, mál sem þarf að leysa hafa gengið mjög vel að þeirra mati.
- Í opinni viku er foreldrum boðið að koma í skólann, en foreldrar eru ekki beinir þátttakendur að mati rýnihóps foreldra. Að sögn hópsins hefur verið rætt um að

foreldrar væru virkari þátttakendur í skólastarfinu og jafnvel til aðstoðar, en á því eru annmarkar að mati hópsins og vantar „ramma“ um slíkt starf.

- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Fundargerðir ráðsins eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu. Ekki hafa verið settar inn fundargerðir fyrir haustönn 2010.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, stjórnin fundar reglulega og fundað er með bekkjarfulltrúum að hausti.
- Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélags einu sinni í mánuði vikuna eftir að skólaráð fundar. Foreldrafélag vill taka meiri ábyrgð á verkefnum og vera meira með foreldrum í skólaráði að mati skólastjóra.
- Foreldrafélagið hefur umsjón með ákveðnum viðburðum í samstarfi við skólann, s.s. jólaföndri, páskabingói og friðargöngu fyrir jól og sumarhátíð í maí. Vel er mætt á viðburði en slakari mæting er á fundi foreldrafélagsins.

## Verklag

### Fjölbreyttar leiðir í námi

- Meðal markmiða í stefnukorti Borgaskóla er fagleg kennsla og í framtíðarsýn segist skólinn m.a. að leggja áherslu á faglegt og metnaðarfullt skólastarf og vera meðal fremstu skóla í lestrarkennslu.
- Gildi skólans eru: Ábyrgð – ánægja – Árangur, þar sem árangur tengist því að markvisst og vel sé unnið og í skólahandbók kemur fram að Borgaskóli hafi mótað stefnu sína í átt að fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi með markvissu skipulagi náms og kennslu, samvinnu kennara og góðum upplýsingum um hæfileika, þekkingu og áhugasvið nemanda með einkunnarorð skólans að leiðarljósi.
- Í námsvísunum árganga og greina kemur víða fram að farið sé fjölbreyttar leiðir í náminu og ólíkar leiðir eftir greinum. Í kennsluáætlunum nemenda kemur ekki fram lýsing á fjölbreyttum leiðum heldur virðist vinnan mest bundin námsbókum og yfirferð.
- Kennarar í rýnihópi segja frá hringekjukerfi sem notað er í skipulagi náms, hvert verkefni tekur nokkur skipti og byrjar kennslan með innlögn og verkefnum í kjölfarið, hver lota er 5-8 vikur. Innlagnir eða fyrirlestrar, almenn kennsla og hópavinna einkenna kennslu að mati hópsins.
- Að mati foreldra í rýnihópi er mikið gert til að vekja áhuga nemenda á náminu og „kennarar leggja sig alla fram til að gera skemmtilega og áhugaverða hluti hér“.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í tæplega 40% þeirra tilvika í þeim stundum sem heimsóttar voru. Innlögn og umræður voru í um 23% stundanna og verklegt, sköpun og tjáning eða tilraunir einnig um 23%.
- Nemendur í 1. bekk fá 1-2 tíma í viku hálfan veturinn í list- og verkgreinum en í öðrum árgöngum er kennt í hópum í hringekju skv. upplýsingum í námsvísunum árganganna í 9. og 10. bekk eru list- og verkgreinar kenndar í vali.
- Í skólahandbók kemur fram að mat á námi nemenda fer stöðugt fram með mati á vinnu, frammistöðu í einstökum verkefnum og framförum. Nemendur fá skriflegan vitnisburð afhentan tvisvar á ári.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.

- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða 65% og 22% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 13% kennslustundanna teljast viðunandi og engar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast óviðunandi
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

### **Skóli án aðgreiningar**

- Verkefnastjóri í sérkennslu sinnir stjórnun sérkennslunnar í sem svarar níu tímum á viku, hún er næsti yfirmaður kennara í námsveri og stuðningsfulltrúa.
- Í skólahandbók, kafla um sérkennslu, kemur fram að unnið er eftir lögum um grunnskóla og reglugerð um sérkennslu þar sem segir að grunnskólinn skal „laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna, þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi“.
- Enginn menntaður sérkennari starfar að sérkennslu við skólann og fram kemur að þá þekkingu vanti. Þátttakendur í rýnihópi um sérkennslu töldu sig ekki hafa mikla innsýn í stefnu skólans eða markmið sérkennslunnar.
- Í rýnihópum kemur víða fram að starfsmenn og foreldrar hafa af því áhyggjur að nemendur með sérkennsluþarfir fái ekki þá þjónustu sem þeir þurfa vegna takmörkunar á fjárframlögum til skóla.
- Sérkennsla fer fram ýmist innan eða utan bekkjar, einnig er í sumum tilvikum þriðji kennarinn í árgangi og er þá skipt í minni hópa, svokallaða stjörnuhópa
- Fram kemur að leitað er ýmissa leiða til að koma til móts við nemendur með sérþarfir, s.s. með aukatímum í smíði og heimilisfræði.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja frá heildinni og eru það umsjónarkennarar eða faggreinakennarar sem gera þær með samþykki foreldra.
- Sérkennsluver er vel staðsett innan skólans að mati rýnihóps um sérkennslu og auk þess ýmis rými sem hægt er að fara í. Aðstaða almennt góð fyrir fatlaða nemendur, salerni við hæfi og lyfta. Tölvukostur er þó „í lágmarki“.
- Viðhorf er almennt jákvætt í skólanum til barna með sérþarfir að mati rýnihóps um sérkennslu, en börnin eru ekki öll virkir þátttakendur inni í bekknum.
- Samstarf við kennara er gott, en „kennararnir mættu stundum nýta okkur betur“, segja stuðningsfulltrúar í rýnihópi.
- Ráðgjöf til kennara er ekki veitt frá sérkennsluveri, en kennsluráðgjafi hefur veitt ráðgjöf vegna nemanda og heilsugæslan einnig komið inn, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu. Námsráðgjafi veitir líka kennurum ráðgjöf ýmist vegna einstaklinga eða hópa.
- Samstarf við þjónustumiðstöð er í gegnum sálfræðing, kennsluráðgjafa og félagsráðgjafa. Mikil og góð samskipti eru við þjónustumiðstöðina í hverfinu og við fardeildina.
- Nemendaverndarráð fundar tvisvar í mánuði. Umsjónarkennarar vísa málum skriflega til nemendaverndarráðs eða ráðið tekur mál sem verið er að vinna með.

### **Skólaþróun og mat**

- Borgaskóli hefur lagt áherslu á þróunar- og samstarfsverkefni til að bæta og efla skólastarfið. Þróunaráætlun er sett fram til nokkurra ára í senn og sótt um fjármagn til að fjármagna stærstu verkefni. Markmiðið með þróunarverkefnum er að bæta

skólastarfið, auðga og festa í sessi fjölbreytta kennsluhætti og mat, nemendum til hagsbóta.

- Á skólaárinu 2010-2011 er meginþemað öryggi og vellíðan í skólanum bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Helstu verkefni sem unnið er að eru: Byrjendalæsi í 1.-3. bekk og Orð af orði í 4.-10. Bekk
- Þegar sjálfsmatsaðferðir Borgaskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins töldust viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti, en aðeins 21% grunnskóla sem voru í úttekt á árunum 2007-2009 uppfylltu þessi viðmið að fullu.
- Sjálfsmats- og umbótaáætlun Borgaskóla fyrir árin 2009-2011 liggur fyrir við matið. Þar eru tilgreindir áhersluþættir og settar fram matsspurningar fyrir hvern þátt.
- Í umbótaáætlun eru áhersluþættir settir upp í fjórum víddum og hvert verkefni með markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum. Athygli er vakin á því að undir umbótaáætlun á heimasíðu skólans birtist aðeins verklagsþátturinn.

### **Virk upplýsingamiðlun**

- Gagnkvæm miðlun upplýsinga eykur skilning hinna fullorðnu á þörfum og aðstæðum barnanna, segir í skólahandbók Borgaskóla. Í viðleitni sinni til að miðla upplýsingum og ýta undir samstarf fer skólinn ýmsar leiðir.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 72% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 19% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 3,9 í spurningunni, sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar frá kennurum, kennarar senda tölvupóst þegar e-ð er um að vera og áætlanir eru birtar á heimasíðu og upplýsingar um heimanám í Mentor.
- Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt mjög jákvæð. Mentor er notaður sem upplýsingamiðill til allra og svo er hringt í foreldra ef nánar þarf að ræða hlutina.
- Starfsáætlun og skólanámskrá Borgaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið ásamt stefnumörkun í samhæfðu árangursmati og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Í námsvísunum sem gefnir eru út fyrir alla árganga eru birt markmið hvernar námsgreinar og upplýsingar um kennslufyrirkomulag og námsefni. Tilhögun námsmats kemur fram í flestum greinum en ekki öllum.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Í kennsluáætlunum sem gerðar eru fyrir önnina í hverri námsgrein í 8.-10. bekk koma fram upplýsingar námsefni, námsmat og heimavinnu og í sumum greinum meginmarkmið, einnig kemur fram hvað á að vinna í hverri viku yfir önnina.
- Kennsluáætlanir yngri deilda liggja ekki fyrir við matið.
- Heimasíða Borgaskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Þær eru ekki dagsettar þannig ekki sést síðan hvenær þær eru.
- Greinargóðar upplýsingar eru á síðunni um skólaráð og foreldrafélagið og starfsemi þess.
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna á heimasíðunni, né upplýsingar kennslu nýbúa, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).
- Nemendur í rýnihópi lýstu sérstakri ánægju með að fréttir eru settar á heimasíðu um afrek þeirra utan skóla m.a. í íþróttum.

## Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Borgaskóli fékk nýverið úthlutað Grænfánanum í annað sinn, mótuð hefur verið umhverfisstefna skólans og vistvernd er áhersluþáttur í skólaþróun skólaárið 2010-2011.
- Í skólanum er pappír endurnýttur, flöskum og dósum safnað og notuð vistvæn hreinsiefni til ræstinga og sorpið flokkað.
- Á þessu skólaári er stefnt að því að auka útikennslu og náttúruskoðun og m.a. vinna að því að koma upp útikennslustofu í fjörunni fyrir neðan skólann .
- Nýlega var byrjað selja ávexti til nemenda í áskrift og hafragraut fá nemendur á morgnana sér að kostnaðarlausu.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Brunaeðing er haldin á hverju hausti.
- Áhættumat fyrir 2010-2011 liggur fyrir við matið. einnig kemur fram að sömu atriði séu tilgreind í áhættumati frá ári til árs og flest þeirra á hendi Framkvæmdasviðs að bæta úr, meðal þess er að laga stillingu á loftræstikerfi og bæta hljóðvist.
- Lýsingu á skólalóð er ábótavant og í rýnihópum foreldra og starfsmanna kom þetta fram einnig og talið brýnt að bæta úr.
- Einnig þarf að endurskipuleggja skólalóð með tilliti til afþreyingar og leikþarfa barna.

## Mannauður

### Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Á undanförunum árum hefur Borgaskóli fengið heldur lakari útkomu í starfsánægjukönnunum þeim er gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar en aðrir grunnskólar borgarinnar að meðaltali, en hefur þó í flestum þáttum þokast upp á við.
- Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi“ fékk gildið 4,02 árið 2009 sem er nokkuð undir meðaltali allra grunnskóla (4,27) en hærra en árið áður.
- Sömuleiðis hækkaði gildið við fullyrðingunni um góða samvinnu á vinnustaðnum í 3,80 og um góðan starfsanda í 3,78 sem var þó enn töluvert undir meðaltalsgildum (4,20 og 4,38).
- Enginn svaraði því játandi í könnuninni árið 2009 að hafa orðið fyrir einelti á síðustu 12 mánuðum og færri töldu sig hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki en árið á undan (10%). Þetta hlutfall var engu að síður hærra en að meðaltali í grunnskólum (7%). Áreitni frá þjónustugegum sögðust 24% hafa orðið fyrir en meðaltal skóla var 12%.
- Í rýnihópum og viðtölum komu fram mismunandi sjónarmið varðandi starfsanda, sumir töldu hann hafa breyst til hins betra á undanförunum árum og sögðu hann vera „allt í lagi“ núna en aðrir töldu starfsmannahópinn vera dálítið skiptan.
- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum einu sinni í mánuði, vikulegum stigsfundum, fagfundum. Skólastjóri fundar með almennum starfsmönnum hálfsmánaðarlega.
- Í rýnihópum kennara kom fram að kennarar eru nokkuð sáttir með skipulag funda en töldu að í einhverjum tilfellum mætti nýta þá betur, stigsfundir gætu til að mynda verið markvissari.
- Í hópi almennra starfsmanna kom það fram að ánægja er með reglulega fundi með skólastjóra og þeir sagðir mikilvægir og það hefði haft áhrif á samskipti starfsmanna til hins verra á tímabili þegar þessir fundir féllu niður.
- Í viðhorfakönnuninni 2009 voru um 68% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og 60% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.



- Athuga þarf hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

### **Símenntun og starfsþróun**

- Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu áherslur hennar eru umhverfismennt og útikennsla, þátttaka allra starfsmanna í Olweusaráætluninni, Byrjendalæsi, Orð af orði og þátttaka í þróunarverkefnum L9.
- Áætlunin skilgreinir hinsvegar ekki þátttöku starfsmanna frekar, m.t.t. einstaklinga eða hópa. Einnig vantar nánari skilgreiningar í áætluninni um símenntunina, tímabil og ábyrgð á því að áætluninni sé framfylgt.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 73% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Um 66% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að símenntunin hefði nýst viðkomandi í starfi.
- Þá kom einnig fram í könnuninni að 90% svarenda höfðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan. Hinsvegar voru aðeins um 39% þeirra er höfðu farið í slíkt samtal árið 2009 sammála því að það hefði verið gagnlegt.
- Þegar rætt var um símenntun í rýnihópum og viðtölum komu fram jákvæð viðhorf á meðal kennara; það væri vel stutt við að þeir sæktu sér símenntun og tækifæri gefin til þess. Það kom fram ánægja með sameiginlegan starfsdag í Grafarvogi.
- Aðrir starfsmenn voru ekki jafn ánægðir með tækifæri til símenntunar; sögðu þau af skornum skammti og ekki nægilegur stuðningur við að gera starfsmönnum það mögulegt að sækja símenntun

### **Viðhorf starfsmanna til stjórnunar**

- Í síðustu könnun vorið 2009 voru um 72% starfsmanna frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að vinnustaðnum væri vel stjórnað og allar fullyrðingar er mæla viðhorf til stjórnunar voru undir meðaltali grunnskóla í borginni, en hafa hækkað frá mælingum tvö árin á undan.
- Það spannst ekki mikil umræða um stjórnendur í rýnihópum. Það kom þó fram að aðgengi að þeim væri nokkuð gott, þær sýnilegar í skólastarfinu og fljótar að bregðast við ef eitthvað væri.
- Það kom einnig fram í fleiri en einum hópi að stjórnendur veittu hrós og hvatningu en það voru þó einhverjir sem töldu að meira mætti vera lagt upp úr þessum þáttum.

### **Viðvera starfsmanna**

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 6,4 kennsludaga á haustönn 2009.
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er nálægt heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

### **Fjármál**

- Borgaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

## Heimildir

*Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.*

*Ársskýrsla Borgaskóla 2009-2010.*

*Einsetning grunnskóla Reykjavíkur. Sögulegt yfirlit 1994-2002.2002.* Reykjavík. Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

*Hagir og líðan barna í Reykjavík.* Borgaskóli. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

*Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.  
Skoðað 25. nóvember 2008.

*Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk.* Borgaskóli vorið 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

*Skólahandbók Borgaskóla 2010-2011.*

*Sjálfsmatsskýrsla Borgaskóla 2010-2011.*

*Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009.* Reykjavík. Námsmatsstofnun.

*Starfsáætlun Borgaskóla skólaárið 2010-2011.* Borgaskóli.

*Starfshættir í grunnskólum.* Niðurstöður úr öðrum hluta spurningakönnunar í Borgaskóla, júní 2010. (Óútgefnar niðurstöður rannsóknarhóps).

*Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010.* Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

*Niðurstöður úr Talnalykli í Borgaskóla haustið 2009.*

*Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþrótt- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign.* Reykjavík. Rannsóknir og greining.

*Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík.* 2010. Borgaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

*Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009.* Borgaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

[www.Borgaskoli.is](http://www.Borgaskoli.is)

### Fylgiskjöl

1. Borgaskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um starfsáætlun
7. Gátlisti um heimasíðu
8. Gátlisti um skólareglur